

**SKOÐUN** Styðja á við samkeppni en ekki fákeppni, skrifar Pawel Bartoszek. 19



**MENNING** Sýning Bjarkar í MoMA-safninu spannar tuttugu ára feril. 30



**LÍFIÐ** Bergur Ebbi og Dóri DNA vinna að handriti að jólamynd. 42



**SPORT** Vörn FH-inga stendur föst fyrir og er sú besta í efstu deild í heil 26 ár. 38







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
27. júní 2014
149. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


# Nær allt íslenskt grænmeti merkt eftirlitslausri vottun

Ekkert eftirlit hefur verið með vottuninni Vistvæn landbúnaðarafurð sem flestir grænmetisbændur setja á vörur sínar. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið veit ekki hvaða framleiðendur hafa fengið vottunina.

**NEYTENDAMÁL** Nærri allt grænmeti frá stærsta dreifingaraðila grænmetis á Íslandi, Sölufélagi garðyrkjumanna, er merkt með vottuninni Vistvæn landbúnaðarafurð. Í Fréttablaðinu í gær kom fram að vottunin hefði eftirlitslaus um árabil og þætti villandi fyrir neytendur.

Vottunin hefur ekki verið gefin út um margra ára skeið og listi yfir þá aðila sem fengu hana á sínum tíma er ekki til í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Einu upplýsingarnar sem fundust í ráðuneytinu sneru að níu kartöflubændum í Eyjafjarðarsveit árið 2010. Þá hafði eftirlit með vistvænum búskap grænmetis- og kartöflubænda nánast ekki verið neitt.

Samkvæmt reglugerð um vistvænar landbúnaðarafurðir skal eftirlitsaðili koma einu sinni á ári í hverja ræktunarstöð.

„Menn eru kannski ekki að reka neitt eftirlit í kringum þetta merki en það þýðir samt ekki að það séu ekki gerðar gæðakröfur til framleiðanda,“ segir Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Félags garðyrkjubænda. „Varðandi sjálft merkið get ég alveg tekið undir þá gagnrýni að ef maður notar merki til þess að votta eitthvað þá þarf auðvitað að uppfylla ákveðin skilyrði og fylgja því eftir að þau séu uppfyllt,“ segir Bjarni.

Guðrún Arndís Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Náttúran.is, er ósátt við notkun merkingarinnar. „Þetta þýðir ekki nokkurn skapaðan hlut. Merking sem hefur ekkert eftirlit þýðir ekki neitt.“ Hún segir hugtakið vistvænn landbúnaður þess utan ekki hafa neina eiginlega merkingu. „Þetta er bara þessi sannfæring um að Ísland sé allt vistvænt og æðislegt.“

-ssb / sjá síðu 10

> Þetta þýðir ekki nokkurn skapaðan hlut. Merking sem hefur ekkert eftirlit þýðir ekki neitt.
>
> *Guðrún Arndís Tryggvadóttir framkvæmdastjóri Náttúran.is*



**FAGNA SIGRINUM** Liðsmenn Workforce A hjóluðu hringinn á undir fjórutíu klukkustundum. Í gær höfðu þeir safnað fimmtíu þúsund krónum í áheitum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Nýtt met í Wow Cyclothon:

## Munaði litlu á efstu sætunum

**FÉLAGSMÁL** Liðið Workforce A vann nauman sigur í hjólreiðakeppninni umfangsmiklu, Wow Cyclothon, í gærmorgun.

Í keppninni hjóla lið hringveginn um landið á tveimur til þremur sólarhringum en sigurvegararnir komu í mark innan við sekúndu á undan liðinu Örninn Trek. Þrjú fyrstu liðin bættu öll mettímann í keppninni frá árinu 2012.

„Að vaka allan tímann var langerfiðast,“ sögðu liðsmenn Workforce A við komu í mark á Rauðavatni rétt fyrir ellefu eftir tæplega fjórutíu klukkustunda ferð.

Keppnin gengur fyrst og fremst út á að lið safni áheitum sem renna til styrktar bæklunarskurðdeildar Landspítala. Í ár tóku 63 lið þátt og samtals hafa safnast rúmlega þrettán milljónir króna í áheitum. -bá

Gagnrýna undanþágu sem heimilar drekkingar í nýjum lögum um dýravernd:

# Lýsa andstyggð á minkadrápi

**DÝRAVELFERÐ** Dýraverndunarfélag Íslands (DÍ) gagnrýnir harðlega að það hafi verið lögleitt í dýravelferðarlöggjöf að drekkja megi mink við gildruveiði. Það gangi gegn anda laganna.

Hallgerður Hauksdóttir, formaður DÍ, segir viðurkenningu á þessari aðferð við að aflífa mink ósiðlega og óboðlega. Hún segir að það orki vægast sagt tvímælis að ein dýrategund á Íslandi sé ofurseld þessum andstyggilega dauðdaga, með því fororði að hún sé skaðleg og óvelkomin.

Sif Traustadóttir dýralæknir skrifar í nýjasta tölublaði Dýraverndarans um meðferð dýra og gerir lögin að umtalsefni. Þar minnir hún á að búið sé að sýna fram á með óyggjandi hætti að taugakerfi spendýra sé í engu frábrugðið taugakerfi manna. Sársaukaskyn þeirra sé því það sama.

„Þarna er ein dýrategund tekin fyrir og látin þola þjáningar sem ekki eru taldar boðlegar þegar um önnur dýr er að ræða,“ segir Sif.

Ný lög um dýravelferð voru samþykkt á liðnum þingvetri. Þessi aðferð við að aflífa mink var mikið rædd, bæði innan atvinnuveganefndar og í umsögnum við frumvarpið. Þar kemur fram að minkurinn var sérstaklega tekinn út fyrir sviga og það gagnrýnt hart af dýraverndunarsinnum. Matvælastofnun segir til dæmis í umsögn sinni að með því að leyfa að aflífa mink með drekkingu sé gengið of langt frá meginmarkmiði laganna, enda segi þar að dýr skuli aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti. Nauðsynlegt sé því að skoða aðra kosti.

Einu rökin sem hægt er að finna stað fyrir leyfi til gildruveiði með minkasíum eru hversu skilvirkar og hagkvæmar þær séu og gefi möguleika til að halda stofni minks niðri. Þetta meginsjónarmið til minkaveiði kemur skýrt fram í niðurstöðum vinnuhóps ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd refa- og minkaveiði frá því í vetur.

-shá / sjá síðu 6

> Þarna er ein dýrategund tekin fyrir og látin þola þjáningar sem ekki eru taldar boðlegar þegar um önnur dýr er að ræða.
>
> *Sif Traustadóttir dýralæknir*

## LÍFIÐ



### Tónlistin yljar fólki um hjartarætur

Bjartey Sveinsdóttir og Guðný Gígja Skjaldardóttir kynntust í kór í Flensborgarskóla. Fljótlega uppgötvuðu þær sameiginlegan áhuga á tónlist og í dag búa þær saman, eru í hljómsveitinni Ylju og tengjast sterkum vináttuböndum.

## FRÉTTIR

**Kastað á milli** Ríki og sveitarfélög bregðast sjón- og heyrnarskertum. Fólki er kastað milli stofnana. 4

**Fá háa styrki** Fimm íslensk fyrirtæki koma að jarðhitaverkefnum í Rúmeníu sem fengið hafa samtals 1,6 milljarða króna styrk frá EES. 8




18

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 10° | | SV | 5 |
| Akureyri | 14° | | SV | 2 |
| Egilsstaðir | 15° | | S | 1 |
| Kirkjubæjarkl. | 12° | | S | 2 |
| Reykjavík | 13° | | SA | 5 |

**Skýjað** á köflum en milt um allt land. Vindur frekar hægur og hiti yfirleitt 10-18 stig. Súld víða um landið V-vert og búast má við síðdegisskúrum víða. 4

## 3 SÉRBLÖÐ

Lífið | Landsmót hestamanna | Fólk










## SPURNING DAGSINS



Unnsteinn, ertu hættur að vera retro?

**Ha, Metro? Nei, ég borða bara McDonalds.**

Unnsteinn Manuel Stefánsson, söngvari hljómsveitarinnar Retro Stefson, hefur hafið sólóferil og hyggst á næstu misserum gefa út lög undir nafninu Uni Stefson.

Ekkert fannst þrátt fyrir víðtæka leit björgunarsveita undan ströndum Álftaness í gærkvöldi:

# Svifvængurinn yfir sjónum reyndist missýn

**BJÖRGUN** Víðtæk leit stóð yfir undan ströndum Álftaness í gærkvöldi að svifvæng sem talið var að hefði farið í sjóinn um klukkan sex. Leitinni var hætt eftir rúmlega klukkustund og sú ályktun dregin að um missýn vitnis hefði verið að ræða.

Lögregla, slökkvilið og björgunarsveitarmenn stóðu að aðgerðum. Notast var við tvo leitarbáta, kafara og þyrlu Landhelgisgæslunnar við leitina. Í tilkynningu frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg segir að hvorki tangur né tetur hafi fundist af svifvængnum, einungis tvær helíumblöðrur sem fluttar voru í land. Fyrir utan frásögn sjónarvotts bendi ekkert til þess að manneskja hafi farið í sjóinn.

Starfsmaður Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu segir að mál af svipuðum toga hafi komið upp áður en einnig var tilkynnt um hvarf svifvængs fyrir rúmu ári. Þá kom ekkert út úr leitinni og ekki útilokað að um símagabb hafi verið að ræða í báðum tilvikum. -sój



**KOMIÐ Í LAND** Tvær helíumblöðrur voru það eina sem fannst. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**Í HEIMSÓKN Á SPÍTALA** Lína Langsokkur skemmti börnunum í grillveislu sem haldin var á Barnaspítala Hringsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Foreldrahópur gigtveikra barna bauð í grill á spítalanum:

## Daglegt líf sjúklinga brotið upp

**HEILBRIGÐISMÁL Foreldrahópur gigtveikra barna stóð fyrir grillveislu í gær á Barnaspítala Hringsins. Öllum inniliggjandi börnum, aðstandendum þeirra og starfsfólki var boðið upp á hamborgara, drykki, ís og sælgæti. Lína Langsokkur mætti á svæðið ásamt Sveppa og Villa.**

**Foreldrahópur gigtveikra barna hefur staðið fyrir þessari hátíð undanfarin ár til að brjóta upp daginn fyrir börnin og gera eitthvað allt annað en venjulega fylgir daglegu starfi spítalans. Einnig er ætlunin að vekja athygli á barnagigt en börnin eru reglulegir gestir á spítalanum.** - ebg

Leiðtogafundur í Belgíu:

## Vilja áframhaldandi frið

**BELGÍA, AP** Leiðtogar Evrópusambandsríkjanna komu saman í borginni Ypres í Belgíu í gær til að minnast þess að hundrað ár eru liðin frá upphafi fyrri heimsstyrjaldarinnar.

Fundarstaðurinn var valinn vegna þess að harðir bardagar í Ypres og nágrenni kostuðu hálfa milljón manns lífið.

Leiðtogarnir hétu því að tryggja áfram frið í Evrópu. - gb

Uppáhaldslið Íslendinga:

## Holland nýtur vinsælda á HM

**ÍÞRÓTTIR** Holland og Þýskaland eru uppáhaldslið Íslendinga á heimsmeistaramótinu í fótbolta.

Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun MMR. Holland var vinsælasta liðið með 15 prósenta fylgi en 14 prósent svarenda völdu Þýskaland. Þeir sem sögðust styðja Sjálfstæðisflokkinn voru líklegastir til að eiga uppáhaldslið, en þeir sem sögðust styðja Pírata ólíklegastir. - kpt

# Báturinn Sæfari er afturhvarf til fortíðar

Einn minnsti bátur landsins, Sæfari, tveggja tonna smábátur, er gerður út frá Þórshöfn. Hann var afar fengsæll á grásleppuvertíðinni í vor, fékk tæp níu tonn. Skipstjórinn segist vera gríðarlega ánægður með bátinn og segir hann fara vel í sjó.

**SJÁVARÚTVEGUR** „Maður fer nú ekki langt út á honum, ekki lengra en svona tvær sjómílur,“ segir Haukur Hauksson, skipstjóri á Sæfara, einum minnsta smábátnum sem gerður er út hér við land.

Báturinn var gerður út frá Kópaskeri á grásleppu í vor.

Sæfari er rétt um tvö tonn, í honum er eins strokks SABB-vél og gengur hann um 4,5 mílur á klukkustund. Ekki er stýrishús á Sæfara og því mætti vel ímynda sér að kalt sé um borð.

„Það var einmunatíð í maí og maður var í flotgalla. Ég fann aldrei fyrir kulda,“ segir Haukur. Hann segir að það sé gott að róa á bátnum, hann fari vel í sjó. Hann sé stöðugur.

„Netin eru tekin inn að framan og þau halda bátnum,“ útskýrir Haukur. „Þetta er afturhvarf til fortíðar. Það er eiginlega alveg vonlaust að ná í svona báta. Ég held að það séu þrír til á landinu öllu, þar af eru tveir á Kópaskeri,“ segir Aðalsteinn Tryggvason, útgerðarmaður og eigandi Sæfara.

Auk Sæfara gerir Aðalsteinn út Rósu í Brún ÞH. Sá bátur er 5,8 tonn og hefur síðastliðin fjögur ár verið á handfærum, línu og grásleppu.

Það var vefurinn aflafrettir.is sem sagði frétt af Sæfara og hefur hún vakið mikla athygli.

Aðalsteinn segist hafa keypt bátinn til að hagnast. „Það er úthlutað 32 dögum á hvern bát í strandveiðunum, svo ég fjölgaði dögunum um helming með því að kaupa Sæfara,“ segir Aðalsteinn og kímir við.

Sæfari aflaði vel á grásleppuvertíðinni, fékk 8,9 tonn í 14 róðrum.

„Hann er fengsæll. Þetta er gamall grásleppubátur, það hefur alla tíð aflast vel á hann,“ segir Haukur. Hann segir útgerðina hagstæða. Báturinn eyði engu. Á grásleppuvertíðinni hafi hann brennt um 40 lítrum af olíu sem sé álíka og stór bátur geri á klukkustund.

„Ég er gríðarlega ánægður með þennan bát og sáttur við vertíðina. Ég hlakka til að róa á honum aftur,“ segir Haukur.

Nú er Sæfari kominn á þurrt en menn eru að velta því fyrir sér að fara með hann inn á Akureyri og veiða silung á stöng á Pollinum.

johanna@frettabladid.is



**LITLI OG STÓRI** Sæfari er sannkallaður smábátur enda ekki nema um tvö tonn. Hann er hér við hlið Rósu í Brún sem er 6,8 tonn. MYND/AÐALSTEINN



**„Hann er fengsæll. Þetta er gamall grásleppubátur, það hefur alla tíð aflast vel á hann.**

*Haukur Hauksson, skipstjóri.*

LÆKNASTÖÐIN
THE MEDICAL CLINIC

Hér með tilkynnist að

**Sigurður Björnsson meltingarlæknir**

hættir starfsemi þann 1. júlí 2014

**Læknastöðin ehf.**

Álfheimar 74 • 104 Reykjavík • sími: 5356800 • fax: 5356805

Niðurstöður PISA-könnunarinnar ekki vinnugögn að mati úrskurðarnefndar:

# Borginni gert að birta gögnin

**MENNTAMÁL** Reykjavíkurborg ber að afhenda niðurstöður PISA-könnunarinnar sundurliðaðar eftir grunnskólum borgarinnar. Borgin synjaði beiðni um að afhenda niðurstöðurnar á þeim forsendum að um vinnugögn hafi verið að ræða. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál féllst ekki á það.

„Þetta eru upplýsingar sem eiga erindi við almenning. Ég tók eftir því að í umræðunni var hvergi vikið að upplýsingarétti almennings til þessara gagna um að Reykjavíkurborg hefði sett einhvers konar þagnarbindindi á borgarfulltrúa í þessu máli,“ segir Hilmar Þorsteinsson lögmaður. Hilmar kærði ákvörðun Reykjavíkurborgar um að birta ekki niðurstöður PISA-rannsóknarinnar árið 2012.

Ákvörðun borgarinnar var kærð til úrskurðarnefndar um upplýsingamál í apríl og þess krafist að gögnin yrðu afhent. Úrskurðarnefnd komst að þeirri niðurstöðu að þessi vinnugögn féllu ekki undir lög um persónuvernd og því bæri Reykjavíkurborg að afhenda Hilmari gögnin.

Fréttastofa reyndi í gær að nálgast niðurstöðurnar frá úrskurðarnefnd um upplýsingamál en fékk þau svör frá borginni að þær yrðu birtar á næstu dögum. -sks



**NEMENDUR Í HLÍÐASKÓLA** Frammistaða íslenskra grunnskólanema í síðustu könnun þótti afar slæm. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Til hamingju Hótel Smyrlabjörg

Landsbankinn óskar Hótel Smyrlabjörgum í Suðursveit til hamingju með stækkunina, sem fjármögnuð er af Landsbankanum. Hótel Smyrlabjörg er eftir stækkun 68 herbergja heilsárshótel á vinsælum stað í sveitarfélaginu Hornafirði. Landsbankinn er öflugur og traustur samherji og leiðandi í lánveitingum til ferðaþjónustufyrirtækja.

**2950** fermetrar

**68** hótelherbergi

**22** starfsmenn

**145** rúm




**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

## SVONA ERUM VIÐ



**90** **til 106 milljónir króna er meðalkostnaður við veiðar á ref á ári frá 2000,** nema á árunum 2011 og 2012 þegar kostnaðurinn var um 60–70 milljónir.

Ríkisstjórnin telur útsendingu um gervihnött til grunnþjónustu RÚV:

# Útsendingarnar verða tryggðar

**FJARSKIPTI** Sjómenn á Íslandsmiðum, íbúar strjálbýlli svæða sem ekki geta nýtt sér hefðbundið dreifikerfi og Íslendingar á Norðurlöndum munu áfram geta notið útsendinga Ríkisútvarpsins.



**BJARNI BENEDIKTSSON**

Þetta staðfesti Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra á Facebook-síðu sinni í gær.

Fréttablaðið greindi frá því að útsendingarnar myndu falla niður nú um mánaðamótin þar sem ekki var búið að tryggja fjármagn til að endurnýja samning við Telenor um útsendingarnar. Árlegur kostnaður mun vera um 60 milljónir króna, en það hefur reynst vera árlegt hark innan stjórnsýslunnar að tryggja fjármagn til verkefnisins.

Atvinnuveganefnd alþingis tók málið sérstaklega fyrir í gær, en Bjarni tilkynnti seinni part dags að málið væri úr sögunni.

Bjarni sagði í viðtali við fréttastofu RÚV í gær að mikilvægt væri að tryggja að þessar útsendingar féllu ekki niður í sumar, enda liti ríkisstjórnin á gervihnattaútsendingarnar sem þátt í grunnþjónustu Ríkisútvarpsins.

Í viðtalinu sagði Bjarni að nauðsynlegt væri að finna varanlega lausn á fjármögnun þessa verkefnis. **-shá**

Verðlag mælt í apríl og júní:

# Miklar sveiflur í könnun ASÍ

**EFNAHAGSMÁL** Vörukarfa ASÍ lækkaði í verði í þremur íslenskum verslunum á milli verðkannana í apríl og júní. Verslanirnar eru Bónus, Hagkaup og 10-11. Aftur á móti hækkaði karfan í verði í sjö verslunum og mældist mesta hækkunin í Samkaupum-Strax, um 1,4 prósent.

Í tilkynningu frá ASÍ segir að miklar verðsveiflur hafi mælst í öllum vöruflokkum í öllum verslununum á þessu tæplega þriggja mánaða tímabili. **-bá**

Sameining LÍÚ og SF:

# Ákvörðun bíður aðalfunda

**SJÁVARÚTVEGUR** Félagsfundur Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) samþykkti í gær tillögu um að vinna að sameiningu við Samtök fiskvinnslustöðva (SF). Stjórn SF kom jafnframt saman til fundar og samþykkti sambærilega tillögu.

Á næstu mánuðum verður unnið að frekari útfærslu sameiningar með það að markmiði að hægt verði að taka ákvörðun um sameiningu á aðalfundum samtakanna hvorra tveggja í haust, að því er segir í tilkynningu frá LÍÚ.

Með þessu er ætlunin að koma til móts við breyttar áherslur í þessari atvinnugrein og auka slagkraft samtaka fyrirtækja í greininni. **-shá**

Mun starfa með Hjálmari:

# Nýr dómkirkjuprestur skipaður

**TRÚMÁL** Sr. Sveinn Valgeirsson hefur verið skipaður dómkirkjuprestur í Reykjavík af Agnesi Sigurðardóttur, biskupi Íslands. Skipunartíminn er til fimm ára.



**SR. SVEINN VALGEIRSSON**

Sveinn segist hlakka til að starfa með góðu fólki. Í starfi vill Sveinn leggja áherslu á að efla sóknarvitund íbúa í nágrenni Dómkirkjunnar.

Sveinn mun starfa samhliða sr. Hjálmari Jónssyni sóknarpresti sem stýrir safnaðarstarfinu. **-ih**

## LEIÐRÉTT

Í Fréttablaðinu í gær birtist mynd af móður syrgja dóttur sína. Móðirin er palestínsk en ekki ísraelsk eins og stóð í blaðinu en eldflaug sem palestínskir skæruliðar skutu varð dóttur hennar að bana.

# Fólki kastað milli stofnana

**Ráðgjafi sjón- og heyrnarskertra segir ríki og sveitarfélög bregðast þessum fámenna hópi því það vanti samhæfingu og sérþekkingu. Maður sem hefur lifað við fötlunina í fimmtán ár segir bjargarleysið vera það versta.**

**VELFERÐARMÁL** Hópur fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu á Íslandi er fámennur og segir ráðgjafi félags þeirra að kerfið bregðist þeim með úrræðaleysi og skorti á þekkingu um fötlunina.

„Þjónustan hjá ríkisstofnunum er ekki samhæfð. Fólki er kastað á milli stofnana sem þjónusta annaðhvort sjónskerta eða heyrnarskerta og það vantar sértæka þjónustu fyrir þennan hóp,“ segir Guðný Katrín Einarsdóttir, ráðgjafi hjá Fjólu, félagi fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.



**GUÐNÝ KATRÍN EINARSDÓTTIR**

„Ósamræmið sést til dæmis í gjaldtöku. Sjónhjálpartæki fær fólk án endurgjalds en heyrnarhjálpartæki þarf að greiða fyrir og lenda margir í vandræðum með að endurnýja tækin.“

Guðný segir að það vanti almennt þekkingu á fötlun þessa hóps hjá sveitarfélögunum sem eiga að veita grunnþjónustuna. Áður fyrr fóru starfsmenn til Danmerkur að sækja þekkingu og tengslanet um málaflokkinn en það hefur verið lagt niður og hverju landi gert að þróa grunnnám fyrir sig. Það hefur ekki verið gert á Íslandi.

„Það hefur orðið lítil endurnýjun á þekkingu í málaflokknum sem verður til þess að standardinn á þjónustunni er í algjöru lágmarki og í engu samræmi við það sem þekkist erlendis.“

Guðný segir vandann eiga fyrst og fremst við um fólk á besta aldri sem annaðhvort vegna aldurs eða sjúkdóma missi heyrn og sjón, en það uppgötvist allt of seint vegna þekkingarleysis. Á Íslandi eru rúmlega 200 manns 67 ára og eldri með aldurstengda sjón- og heyrnarskerðingu og fer hópurinn stækkandi vegna hærri meðalaldurs á Íslandi.

„Fólk er í vandræðum lengi og býr við slæm skilyrði áður en kerfið bregst loksins við. Það upplifir að velferðarkerfið sem það býr við sé hriplekt og ekki það öryggisnet til staðar sem væntingar stóðu til.“

Samþætt sjón- og heyrnarskerðing getur verið breytileg hvað varðar eðli og alvarleika en þegar þessar tvær skerðingar koma saman magna þær hvor aðra upp. Bjargarleiðir sem sjónskertir eða heyrnarskertir geta notað eru ekki lengur til staðar og því veldur fötlunin miklum hindrunum í daglegu lífi.

erla@frettabladid.is



**ELDRI BORGARAR** Það uppgötvast oft seint að eldra fólk er með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu með þeirri lífsgæðaskerðingu sem því fylgir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**231** eldri borgari býr við samþætta sjón- og heyrnarskerðingu á Íslandi.

## Erfiðast að vera háður hjálpsemi



Friðgeir Jóhannesson lenti í vinnuslysi fyrir fimmtán árum og missti sjónina auk 70 prósenta heyrnar. Hann er mikill félagsmálamaður, er í Kiwanis-klúbbi, fulltrúi í Öryrkjabandalaginu og viðloðandi Lionsklúbb blindra. Hann lætur fötlunina ekki stoppa sig en segir að baráttan gegn einangruninni geti verið ansi erfið.

„Það er erfitt fyrir mig að gera það sem mig langar til. Ég þarf aðstoð við að komast á milli staða og þyngstu sporin í þessu öllu er að þurfa endalaust að trufla fjölskyldu og vini. Það væri gott að hafa einhvern annan en konuna mína eða dóttur til að komast á fundi og sýsla við daglegt líf.“

Friðgeir myndi þiggja liðveislu frá borginni ef hún væri einstaklingsmiðaðri og persónulegri. „Það eru ör starfsmannaskipti og þeir sem sinna starfinu eru oft ungir og óreyndir eða áhugalausir um starfið. Margir sem ég þekki hafa slæma reynslu af þjónustunni því aðstoðarmanneskjan hentar alls ekki viðkomandi. Það myndi breyta lífi mínu að fá NPA, notendastýrða persónulega aðstoð, þar sem ég gæti skipulagt tíma minn með manneskju sem á vel við mig og verið sjálfstæður.“

Friðgeir segir litla þekkingu vera um daufblindu í samfélaginu og hversu hamlandi hún er. Hann segist enga þjónustu hafa fengið frá sveitarfélaginu og ósköp takmarkaða frá ríkinu. Hann segist ekki hafa verið tilbúinn til að tapa sjálfstæði sínu með því að fara í kerfisþjónustu sem ekki hentar honum.




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 27° | Friedrichshafen | 24° | New York | 28° |
| Aþena | 23° | Gautaborg | 18° | Orlando | 36° |
| Basel | 26° | Kaupmannahöfn | 18° | Ósló | 17° |
| Berlín | 23° | Las Palmas | 24° | París | 23° |
| Billund | 19° | London | 20° | San Francisco | 22° |
| Frankfurt | 26° | Mallorca | 32° | Stokkhólmur | 18° |

**Á MORGUN** Hæg breytileg eða SV-læg átt.




**SUNNUDAGUR** Hæg V-læg átt, hvassast á Vestfjörðum.




**MILT Í VEÐRI** en frekar lítið um sól þessa dagana. Súld um vestanvert landið í dag og á morgun, birtir síðan til S-lands um helgina en þar verður einnig hlýjast. Stöku skúrir eða rigning NA- og A-lands um helgina.



**Vordís Eiríksdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




## KYNNTU ÞÉR **SAFETRAVEL** HJÁ OLÍS Í DAG

safe travel.is
öryggi á ferðalögum

**SAFETRAVEL** miðar að því að bæta forvarnir og draga úr slysum á ferðalögum hér á landi. Björgunarsveitir verða auk þess með vakt á hálendinu í sumar.



**112 ICELAND** snjallsímaforritið verður kynnt, en með því er á einfaldan hátt hægt að kalla á aðstoð ef um slys eða óhapp er að ræða og einnig skilja eftir sig „slóð“ með GPS-staðsetningum.

Á **safetravel.is** má nálgast allar helstu upplýsingar og ráðgjöf varðandi öryggi á ferðalögum.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

*Olís er einn af aðalstyrktaraðilum Slysavarnafélagsins Landsbjargar*

olís
Vinur við veginn

*Olís Norðlingaholti í Reykjavík, Langatanga í Mosfellsbæ, Tryggvabraut á Akureyri, Borgarnesi, Hellu, Selfossi, Húsavík, Höfn, Siglufirði, Stykkishólmi, Fellabæ.

PIPAR\TBWA · SÍA · 141848

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað heitir breski tónlistarmaðurinn sem kom fram á tónleikum í Hörpu í gær?
**2.** Hvað kosta gervihnattaútsendingar RÚV?
**3.** Hvaða athafnamaður á hellinn Gjögur í Ölfusi?

**SVÖR**

**1.** Tom Odell. **2.** 70 milljónir króna. **3.** Jón Ólafsson.

Mál hinnar tíu ára gömlu Harriet Cardew komið í heimspressuna en The Guardian birti frétt um málið:

# Harriet fékk neyðarvegabréf frá Bretlandi

**STJÓRNSÝSLA** Kristín Cardew, móðir Harrietar Cardew, afhenti Innanríkisráðuneytinu í gær formlega kæru vegna úrskurðar Þjóðskrár um að neita Harriet um íslenskt vegabréf.

Í kærunni segir að samkvæmt lögum um vegabréf sé ekki nauðsynlegt að í vegabréfi komi fram fullt nafn samþykkt af mannanafnanefnd.

Harriet hefur fram til þessa fengið íslenskt vegabréf undir nafninu stúlka Cardew. Þjóðskrá segir hins vegar að vegna breyttra verklagsregla fái Harriet ekki nýtt vegabréf.

Fulltrúi innanríkisráðuneytisins segir að ráðuneytið muni úrskurða í málinu eins fljótt og hægt.

Foreldrum Harrietar var tilkynnt í hádeginu í gær að Harriet fengi breskt neyðarvegabréf sem gildir á meðan fjölskyldan fer í frí til Frakklands. Þau halda af landi brott þriðjudaginn næstkomandi.

Að ferðinni lokinni mun Harriet geta fengið varanlegt vegabréf frá Bretlandi, en það tekur um sex vikur að berast til landsins.

Breska blaðið The Guardian birti frétt um málið síðdegis í gær. Þar er fjalla um íslenskt mannanafnalög og útskýrt að til að nöfn á Íslandi verði samþykkt þurfi þau að falla að íslenskri málvenju og hafa eignarfallsendingu. -ih



**FÉKK NEYÐARVEGABRÉF** Harriet fyrir framan breska sendiráðið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**FER MEÐ FORMENNSKU** Eygló Harðardóttir er samstarfsráðherra Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samstarfsráðherrar funda:

## Efling norræns samstarfs rædd

**STJÓRNMÁL** Endurnýjun og efling norræns samstarfs var helst til umræðu á fundi samstarfsráðherra Norðurlandanna sem fór fram á Hótel Rangá í gær. Þá voru ákveðnar endurbætur samþykktar sem stuðla eiga að framþróun í norrænu samstarfi.

Eygló Harðardóttir er samstarfsráðherra Íslands og fer með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á þessu ári. Hún segir mikilvægt að í norrænu samstarfi sé lögð áhersla á þau úrlausnarefni sem hafa beina þýðingu fyrir almenning á Norðurlöndum. -bá

Flestir farþegar í október:

## Færri flugu um sumarið í fyrra

**FERÐAMÁL** Fimm þúsund færri íslenskir farþegar flugu frá Keflavíkurflugvelli í júní, júlí og ágúst í fyrra en í sömu mánuðum árið 2012.

Í frétt á vefnum turisti.is kemur fram að samdrátturinn hafi numið rúmum fjórum prósentum en sumrin á undan hafi ferðagleði Íslendinga aukist jafnt og þétt milli ára.

Í október fóru nærri þrjátíu og átta þúsund Íslendingar út. Þetta er í fyrsta skipti sem vinsælasti ferðamánuður ársins er ekki einn af sumarmánuðunum þremur samkvæmt talningum sem ná aftur til ársins 2002. -rkr

Árleg könnun Brautarinnar:

## Fjöldi hjóla án löglegs búnaðar

**SAMGÖNGUR** Einungis 21 prósent nýrra reiðhjóla í verslunum á höfuðborgarsvæðinu uppfylla reglugerð um gerð og búnað reiðhjóla samkvæmt árlegri könnun sem Brautin – bindindisfélag ökumanna framkvæmdi nýlega.

Þetta kemur fram í tilkynningu félagsins. Þar segir að mest hafi munað um að bjöllu vantaði á 72 prósent þeirra reiðhjóla sem skoðuð voru. Þá hafi einnig vantað keðjuhlíf á 27 prósent hjóla. -bá

# Drekkingar minka gegn anda laganna

**Ný lög um dýravelferð heimila að mink sé drekkt við gildruveiði. Ólöglegt er að drekkja nokkru öðru dýri enda skuli ekki valda dýrum óþarfa þjáningu og hræðslu. Réttlætt af stjórnvöldum vegna þess að aðferðin er skilvirk og ódýr.**

**DÝRAVELFERÐ** Dýraverndunarsamband Íslands (DÍ) gagnrýnir harðlega að í nýjum lögum um velferð dýra sé gefin heimild til að drekkja mink í gildruveiði, en aflífun dýra með drekkingu er annars með öllu óheimil. Drekking minks er réttlætt með því hversu skilvirk og ódýr aðferðin hefur reynst.

„Þetta er siðlaust og óboðlegt. Menn eru dæmdir þegar hundi er drekkt vegna þess hversu grimmileg aðferðin er,“ segir Hallgerður Hauksdóttir, formaður DÍ, og bætir við að undanþágan gangi gegn anda laganna sjálfra um að dýr skulu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti, og forðast beri að valda þeim óþarfa þjáningum eða hræðslu.

Hallgerður segir að það orki vægast sagt tvímælis að ein dýrategund á Íslandi sé ofurseld þessum andstyggilega dauðdaga, með því fororði að hún sé skaðleg og óvelkomin. Félagið hafi skilning á því að stofni minks sé haldið í skefjum, en ekkert réttlæti að það sé gert með þessum hætti. Löggjöf Norðurlandaþjóða endurspegli þetta og ástæða til að læra af því.

Sif Traustadóttir dýralæknir skrifar í nýjasta tölublaði Dýraverndarans um meðferð þeirra dýra sem skilgreind eru sem meindýr. Þar minnir hún á að búið er að sýna fram á með óyggjandi hætti að taugakerfi spendýra sé í engu frábrugðið taugakerfi manna. Sársaukaskyn þeirra sé því það sama. Um minkinn og nýju dýravelferðarlögin segir Sif: „Þarna er ein dýrategund tekin fyrir og látin þola þjáningar sem ekki eru taldar boðlegar þegar um önnur dýr er að ræða.“

Blekið á nýjum lagatexta er vart þornað því ný lög um dýravelferð voru samþykkt á liðnum þingvetri. Þessi aðferð við að aflífa mink kom mjög við sögu í lagavinnunni, bæði innan atvinnuveganefndar og í umsögnum við frumvarpið. Þar kemur fram að minkurinn var sérstaklega tekinn út fyrir sviga og það gagnrýnt hart af dýraverndunarsinnum og fleirum. Á móti kemur að í umsögnum Landssambands veiðifélaga, Reynis Bergsveinssonar, sem fann upp svokallaða minkasíu sem um ræðir, og Æðarræktarfélags Íslands koma fram gagnstæð sjónarmið.

svavar@frettabladid.is



**MINKUR** Heildarveiði á landinu frá 2000 til 2005 var um 7.000 minkar árlega en hefur farið minnkandi og var komin niður í 3.000 dýr árið 2012. MYND/SIGRÚN

### Má ná niður kostnaði og bæta árangur

- Að mati starfshóps ríkis og sveitarfélaga eiga minkaveiðar margt sameiginlegt með hefðbundinni meindýraeyðingu sveitarfélaga. Markmið þeirra sé að hefta útbreiðslu og lágmarka tjón. „Veruleg takmörkun á stofnstærð minks og jafnvel útrýming hans úr náttúru Íslands er því í samræmi við núgildandi lög. Á síðustu árum hafa komið fram ódýrari og skilvirkari veiðiaðferðir á mink en áður voru notaðar. Má því ætla að ná megi niður kostnaði og bæta árangur við minkaveiðar á umtalsverðan hátt.“
- Dýraverndarfélagið fullyrðir að minkurinn þjáist gríðarlega við drukknun og hún taki oft langan tíma. Dýrið þurfi oft að vera innan um hræ þar sem gildrunnar er ekki vitjað reglulega.
- Umhverfisstofnun lýsir vatnsgildru með eftirfarandi hætti: „Hún er samsett úr röri sem liggur frá ár- eða vatnsbakka niður í búr sem er undir vatnsyfirborði. Minkurinn berst skemur um í þessari gildru en í röra- eða tunnugildru, finnur ekki leiðina út og drukknar því strax.“
- Reynir Bergsveinsson, sem hannaði minkasíuna, hefur sagt að aðferðin sé mannúðleg; dýrin drukkni strax enda hafi hann aldrei komið að lifandi mink í gildru.

Aðeins 22,5% útskrifaðra frá HÍ og HR í vor hlutu menntun í tæknigreinum:

# Vöntun á tæknimenntuðu fólki

**IÐNAÐUR** Einungis 579 af þeim rúmlega 2.500 nemum sem útskrifuðust frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík í vor eru með iðn- og tæknimenntun. Það gerir 22,5 prósent útskrifaðra.

Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku, segir mikla vöntun á tæknimenntuðu fólki hér á landi. Hann segir það gríðarlega mikilvægt fyrir íslenskt samfélag að fleiri útskrifist með menntun í tæknigreinum.

„Það sem við höfum verið að benda á er að það þarf að mennta töluvert mikið af fólki í tæknigreinum,“ segir Jón Ágúst. „Þá sérstaklega í verkfræði- og hugbúnaðargerð eða forritun. Félög eins og Marorka eru að undirbúa það að kaupa þjónustu erlendis frá, þannig að það eru mikil tækifæri fyrir fólk til að læra hugbúnaðargerð.“ -gag



**TÆKIFÆRI** Framkvæmdastjóri Marorku segir mikil tækifæri fyrir þá sem læra hugbúnaðargerð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






**AURSKOG SVEFNPOKI**
Fínn svefnpoki á frábæru verði!
St. 220 x 50/75 sm.
Þyngd: 1200 gr.
Poki fylgir með.
Vnr. 4713000

FULLT VERÐ: 3.995
**2.995**

Hitaþol svefnpokans
Þægindamörk +8/+22°C
Lágmarkshiti 0°C

SPARAÐU **1000** KRÓNUR



2JA MANNA

400 mm
1,40 kg

2 MANNA TJALD
**2.495**

north camp

**KATLA OPEN AIR TJALD**
Gott 2ja manna tjald úr vatnsvörðu, akrýlhúðuðu nylonefni. Þéttur botn og sterkar stangir. Stærð: 205 x 140 x 105 sm. Þyngd: 1,4 kg. Mjög létt og nett tjald sem tekur lítið pláss! Fæst í 3 litum. Vnr. 41814001



20% AFSLÁTTUR

MYRKVUNARGARDÍNA

VERÐ NÚ FRÁ:
**1.560**

**MEGAN MYRKVUNARGARDÍNUR**
Einlitar rúllumyrkvunargardínur. Fást í svörtu, natur. Stærðir:
60 x 170 sm. **1.950** nú **1.560** 80 x 170 sm. **1.950** nú **1.560**
90 x 210 sm. **2.995** nú **2.395** 100 x 170 sm. **1.950** nú **1.560**
120 x 170 sm. **3.495** nú **2.795** 140 x 170 sm. **3.995** nú **3.195**
180 x 170 sm. **4.495** nú **3.595**
Vnr. 5521138, 5516338, 5516433



**REGNSLÁR**
Vnr. XB2528000, R18900140
VERÐ FRÁ:
**249**

FRÁBÆRT VERÐ!

GÓÐ KAUP!



**GEDSER SÓLSTÓLL**
Traustur og nýtískulegur sólstóll úr stáli og sterkum striga. Stólinn er hægt að leggja saman.
Vnr. 3738568, 3738513, 3738500

SÓLSTÓLL
**7.995**



HÁFUR
**299**

**HÁFUR**
Lengd: 106 sm.
Vnr. 836360050



20% AFSLÁTTUR

MYRKVUNARGARDÍNA
STÆRÐ: 140 X 245 SM.

FULLT VERÐ: 4.995
**3.995**

**SASJA MYRKVUNARGARDÍNA**
Frábær, þykk og góð myrkvunargardína sem heldur birtunni úti. Gardínan fæst í 3 litum: Grá, kremuð og svört. 1 vængur í pakka. Stærð: 140 x 245 sm.
Vnr. 504-7742



20% AFSLÁTTUR

VERÐ NÚ FRÁ:
**1.595**

NÝ SENDING
TILVALIÐ FYRIR ÍÞRÓTTAFÉLÖGIN

**FLÍSPONCHO MEÐ HETTU**
Flott flísponcho með hettu.
Margir litir fáanlegir.
Barnastærð:
**1.995** nú **1.595**
Fullorðinsstærð:
**2.995** nú **2.395**
Vnr. 605-11-1011



32% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 2.495
**1.695**

**GOOD NIGHT SLEEP HEILSUKODDI**
Frábær heilsukoddi með sérhönnuðum svampi sem hefur þrýstijafnandi eiginleika. Koddinn styður vel við háls og hnakka og stuðlar að þægilegum og góðum nætursvefni. Vnr. 4221600



NÝTT

33% AFSLÁTTUR

KREP

**PORTER SÆNGURVERASETT**
St. 140 x 200 sm.
Vnr. 131-1100

FULLT VERÐ: 2.995
**1.995**



37% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 3.995
**2.495**

**BAHAMAS SUMARSÆNGUR**
Mjúkar og léttar sumarsængur fylltar með sílikonhúðuðum holtrefjum. Áklæði úr 100% bómull. Fást í nokkrum fallegum munstrum og litum.
Vnr. 4037150

**OXFORD SÓLSTÓLL**
Sólstóll úr stáli með þykkum og mjúkum sessum úr polyester. Hátt bak og skemill. 5 stillingar á baki.
Vnr. 3721100



SPARAÐU **3000** KRÓNUR

FULLT VERÐ: 12.990
**9.990**



SPARAÐU **20-50%** AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BLÓMAPOTTUM OG GARÐSKRAUTI

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**www.rumfatalagerinn.is**
**Gildir til 29.06.14**

Sökuð um skjalafals:

# Meriam var látin laus á ný

**SÚDAN, AP** Meriam Ibrahim var látin laus úr fangelsi í Súdan í gær eftir að hafa setið í fangelsi frá því á þriðjudag sökuð um að hafa verið með falsaða ferðapappíra.

Hún var dæmd til dauða fyrir að hafa tekið kristna trú, en látin laus á mánudaginn eftir mikinn þrýsting frá útlöndum.

Daginn eftir hið nýfengna frelsi var hún aftur tekin föst, en vonast nú til þess að fá að fara úr landi. -gb

Nægu fé hefur nú verið safnað til kaupa á aðgerðaþjarka fyrir Landspítala eftir áralanga fjársöfnun:

# Ísland síðast Norðurlanda til að kaupa þjarka

**HEILBRIGÐISMÁL** Pokasjóður afhenti í gær söfnunarsjóði um aðgerðaþjarka 25 milljóna króna framlag. Það reyndist lokahnykkurinn áralangri söfnun til að kaupa þjarka fyrir Landspítalann.

Aðgerðaþjarki er vélmenni sem hentar sérstaklega til nákvæmnisaðgerða í þröngu rými, til að mynda í kviðarholi og við aðgerðir á blöðruhálskirtli. Ísland er síðast Norðurlandanna til að taka slíkt tæki í notkun.

Söfnunarsjóðurinn gerði samkomulag við Landspítala um að ef tækist að safna 110 milljónum króna, helmingi kaupverðs, myndi spítalinn kaupa tækið.

Af þessu tilefni bauð spítalinn til móttöku í gær þar sem framlagið var afhent spítalanum. Í kjölfarið undirritaði Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra staðfestingu á því að af kaupunum yrði, ásamt þeim Páli Matthíassyni, forstjóra spítalans, og Brynjólfi Bjarnasyni, formanni stjórnar söfnunarsjóðsins. -bá



**SÖFNUNINNI LOKIÐ** Heilbrigðisráðherra virðir fyrir sér fjárframlag Pokasjóðs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ÖRTRÖÐ VIÐ LANDAMÆRIN** Úkraínubúar hafa flúið yfir til Rússlands þúsundum saman síðustu dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vikulöngu vopnahléi Úkraínustjórnar er brátt að ljúka:

# Þúsundir Úkraínubúa flýja land

**ÚKRAÍNA, AP Þúsundir Úkraínubúa hafa streymt yfir austurlandamærin til Rússlands og mynduðust langar biðraðir við landamærastöðvarnar í gær.**

**Sumir sögðust aldrei ætla að snúa aftur og sökuðu stjórn landsins um að hafa brugðist sér.**

**Alls hafa tugir þúsunda flúið til Rússlands frá því átökin í austanverðri Úkraínu hófust fyrir tveimur mánuðum. Uppreisnarmenn, sem margir vilja aðskilnað frá Úkraínu eða í það minnsta nánari tengsl við Rússland, hafa átt í hörðum átökum við stjórnarherinn.**

**Vikulöngu vopnahléi, sem Úkraínustjórn boðaði til einhliða í von um að uppreisnarmenn myndu nota tímann til að leggja niður vopn, lýkur nú um helgina án þess að uppreisnarmenn hafi látið bilbug á sér finna.**

**Petró Porosjenkó Úkraínuforseti skoraði í gær á rússnesk stjórnvöld að styðja friðaráætlun sína með gjörðum en ekki aðeins orðum.** -gb

# Verkefni 5 fyrirtækja fá 1,6 milljarða í styrk

Fimm íslensk fyrirtæki koma að jarðhita- og vatnsaflsverkefnum í Rúmeníu sem fengu nýverið samtals 1,6 milljarða króna í styrk úr Uppbyggingarsjóði EES. Heildarumfangið um fjórir milljarðar. Eykur nýtingu jarðhita í landinu um allt að 30%.

**ORKUMÁL** Jarðhita- og vatnsaflsverkefni sem fimm íslensk fyrirtæki koma að í Rúmeníu fengu í vikunni styrk að jafnvirði samtals 1,6 milljarða króna úr Uppbyggingarsjóði EES.

Heildarumfang verkefnanna þriggja er um fjórir milljarðar króna. Verkefnin á sviði jarðhita eiga eftir að auka nýtingu hans í Rúmeníu um allt að 30 prósent.

Fyrirtækin sem um ræðir eru Mannvit, Íslenskar orkurannsóknir (Ísor), Iceland Geothermal Engineering, Landsvirkjun Power og Verkís. Mannvit og Ísor koma að stærsta verkefninu sem tengist nýtingu jarðvarma í rúmensku borginni Timisoara.

Icelandic Geothermal Engineering verður þátttakandi í jarðhitaverkefni í Oradea þar sem nýta á heitt vatn til upphitunar í borginni. Landsvirkjun Power og Verkís koma að lokum að uppbyggingu tveggja lítilla vatnsaflsvirkjana á svæðinu Somes-Tisa í Norður-Rúmeníu.

„Þetta er gríðarlega jákvætt fyrir okkur og skiptir máli vegna allra þeirra verkefna sem við vinnum nú við og tengjast jarðhitamálum í Mið-Evrópu. Við munum fara strax í undirbúning og gerum ráð fyrir að hefja framkvæmdir á síðasta fjórðungi þessa árs,“ segir Eyjólfur Árni Rafnsson, forstjóri Mannvits.

Í mars 2014 opnaði Uppbyggingarsjóður EES, áður Þróunarsjóður EFTA, fyrir umsóknir um styrki úr orkuáætluninni Rondine. Áætlunin fjármagnar verkefni sem stuðla að aukinni notkun endurnýjanlegrar orku í Rúmeníu.

Rondine bárust umsóknir vegna tíu verkefna og ákveðið var að styrkja fjögur. Orkustofnun hefur undanfarin fjögur ár tekið þátt í mótun og framkvæmd áætlunarinnar. Framlag Íslands til Uppbyggingarsjóðs EES nemur um 960 milljónum króna á ári.

Í Rúmeníu má finna yfir hundrað jarðvarmaveitur sem nýta jarðefnaeldsneyti. Stór hluti þeirra nýtir innflutt gas auk þess sem mikið er af vatnsafli sem ekki hefur verið virkjað í landinu. haraldur@frettabladid.is



**VIÐ REYKJANESVIRKJUN** Fulltrúar rúmenska ríkisins, sveitarfélaga og einkafyrirtækja kynntu sér árangur Íslands á sviði orkumála. MYND/ORKUSTOFNUN

→ **Staðsetning verkefnanna í Rúmeníu**







VÆNGIR
OG RIF
HOT AND STICKY SVÍNARIF / THAI KJÚKLINGAVÆNGIR
STEIKT HRÍSGRJÓN / HRÁSALAT / SWEET CHILLI SÓSA
TILBOÐ MEÐ BOLTANUM
VÆNGIR OG RIF 1990 kr.
Á MANN
MIÐAÐ VIÐ TVO EÐA FLEIRI
Hringdu núna!
Sæktu eða fáðu
matinn sendan heim
588 9899
NINGS
Veitingahús Nings eru opin alla daga frá 11:30 til 22:00 Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði | www.nings.is

Heimsins stærsta flugvél:

## Hafði viðkomu hér á leið vestur

**SAMGÖNGUR** Stærsta flugvél heims millilenti á Keflavíkurflugvelli í gær á leið sinni vestur um haf. Hún hélt ferð sinni áfram klukkan hálftvö nú í nótt.

Vélin er af gerðinni Antonov 225 og er sú eina sinnar tegundar í heiminum. Hún er 84 metra löng og vænghaf hennar er 88 metrar.

Á vellinum þurfti að bæta miklu eldsneyti á geymana því hún eyðir um 16 tonnum á klukkustund á flugi.

- kmu

Hæstiréttur Bandaríkjanna setur víðtækum gagnanjósnum skorður:

## Bannað að skoða í farsímana

**BANDARÍKIN** Hæstiréttur Bandaríkjanna hefur bannað lögreglu að skoða gögn í farsímum nema að fenginni leitarheimild. Lögreglumenn hafa til þessa hiklaust skoðað gögn í farsímum handtekinna, rétt eins og þegar skoðað er í töskur, vasa og veski fólks.

Hæstiréttur komst á miðvikudag að þeirri niðurstöðu að persónuvernd eigi að gilda um gögn í farsíma, með svipuðum hætti og þegar lögregla óskar eftir að fá að leita í íbúðum fólks eða tölvum.

Fréttaskýrendur hafa bent á að úrskurðurinn kunni að hafa áhrif á víðtækar gagnanjósnir bandarískra yfirvalda, bæði lögreglu og leyniþjónustu, sem hafa notað tölvuforrit til að hlaða niður upplýsingum úr farsímum einstaklinga.

Í desember síðastliðnum skýrðu bandarískir fjölmiðlar frá því að lögreglan hefði notað tækni sem nefnd er Stingray til að ná sér í upplýsingar um farsímanotkun þúsunda einstaklinga, jafnvel í heilu hverfunum á einu bretti. -gb



**HÆSTIRÉTTUR BANDARÍKJANNA** Persónuverndarákvæði verja farsímanotendur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gögnin reiknuð upp á nýtt:

## Leit að flugvél færist sunnar

**ÁSTRALÍA, AP** Leitin að Malasíuflugvélinni, sem hvarf snemma í mars, beinist nú að öðru svæði nokkru sunnar en það svæði sem mest hefur verið leitað á undanfarið. Ástæðan er sú að fræðingar hafa farið betur yfir þau merki sem bárust frá vélinni stuttu áður en hún týndist.

Talið er að vélin hafi verið á sjálfsstýringu þegar hún hvarf og allt bendir til þess að hún hafi verið að hrapa þegar síðustu merkin bárust frá henni.

- gb



**ABU KATADA** Barðist lengi gegn því að verða framseldur frá Bretlandi til Jórdaníu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Klerkurinn Abu Katada:

## Sýknaður í fyrstu lotu

**JÓRDANÍA, AP** Róttæki múslimaklerkurinn Abu Katada, sem lengi barðist gegn því að vera framseldur frá Bretlandi til Jórdaníu, var í gær sýknaður þar í landi af ákæru um að hafa tekið þátt í áformum um að ráðast á bandarískan skóla í Amman.

Dómstóllinn frestaði hins vegar að kveða upp úrskurð í öðrum ákærum á hendur honum tengdum hryðjuverkum, en hann er sagður hafa verið í liði með Osama bin Laden.

Nærri ár er nú liðið frá því hann var framseldur frá Bretlandi.

Katada hefur ekki farið dult með stuðning sinn við baráttu herskárra íslamista. Hann hefur þó gagnrýnt ISIS-samtökin, sem barist hafa blóðugri baráttu í bæði Sýrlandi og Írak.

-gb

# Nærri allt grænmeti merkt án þess að hafa hlotið vottun

Skilyrðum reglugerðar um vistvænan landbúnað hefur ekki verið fylgt um árabil. Þrátt fyrir það merkja flestir grænmetisbændur vörur sínar. Framkvæmdastjóri dreifingaraðila segir að hér sé um misskilning sé að ræða.

**NEYTENDAMÁL** Nærri allt grænmeti frá stærsta dreifingaraðila grænmetis á Íslandi, Sölufélagi garðyrkjumanna, er merkt með vottuninni Vistvæn landbúnaðarafurð. Vottunin er byggð á reglugerð sem gefin var út árið 1998 en hefur ekki verið fylgt eftir með eftirliti um langt árabil.

Nokkrir garðyrkjubændur, sem nota merkinguna, hófu framleiðslu eftir að hætt var að gefa vottunina út. „Menn hafa haldið það að ef þeir færu eftir stöðlunum þá mættu þeir nota merkið,“ segir Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjumanna. „Annaðhvort er kominn tími á að hætta alveg með þetta eða að fara að fylgja því eftir að það sé í lagi með þá sem eru að nota þetta.“

Á meðal framleiðenda sem hófu ræktun eftir að hætt var að gefa vottunina út eru Jarðarberjaland sem hóf framleiðslu árið 2011 og Sólbyrgi sem hóf framleiðslu árið 2008. Vörur frá þessum framleiðendum eru merktar sem Vistvæn landbúnaðarafurð.

Samkvæmt upplýsingum frá Magnúsi Ágústssyni, garðyrkjuráðunaut hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, eru þeir staðlar sem settir voru upp í tengslum við vottunina úreltir. Þá mátti



**BJARNI JÓNSSON**



**GUÐRÚN ARNDÍS TRYGGVADÓTTIR**

vistvænn búskapur ekki nota meira en 180 kg af köfnunarefni á hektara við ræktun grænmetis en nú er almennt miðað við 80 til 100 kg á sama svæði.

„Þetta er góð hugmyndafræði en það verður auðvitað að vera eftirlitsaðili sem staðfestir að þetta sé rétt,“ segir Gunnlaugur.

Unnið er að því að koma á fót svokallaðri gæðahandbók í matjurtaframleiðslu sem taka á við eftirlitshlutverki. „Við erum að reyna að sinna því gæðastarfi sem við viljum halda sem staðli. Ef það er ekki til staðar þá missir merkið sitt upphaflega markmið,“ segir Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Félags garðyrkjubænda.

Guðrún Arndís Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Náttúran.is, segir að hugtakið vistvænn landbúnaður sé merkingarlaust og í raun sé verið að tala um hefðbundinn landbúnað.



**VISTVÆN FRAMLEIÐSLA** Nær allar vörur frá Sölufélagi garðyrkjumanna eru merktar sem vistvænar landbúnaðarafurðir þrátt fyrir að lögbundna vottun að baki notkuninni skorti. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

„Í raun þýðir þetta ekki meira en það að gæðastöðlum sé fylgt og þá fylgjast bændur með hvað þeir nota af efnum. Það þýðir samt ekki að það sé bannað að nota þau. Þetta er í raun bara eins og venjulegur landbúnaður.“

Hún segir að merkingin hjálpi til við ákveðna ímynd sem Ísland hafi. „Þetta er kannski ekki gert til að blekkja beint. Þetta er bara ákveðin sannfæring um að Ísland sé allt vistvænt og æðislegt.“

snaeros@frettabladid.is


www.volkswagen.is




Volkswagen up!

Meistari í sparsemi

Samkvæmt könnun breska bílablaðsins Autoexpress er enginn bíll ódýrari í rekstri en Volkswagen up! Með Volkswagen up! hafa jafnframt verið sett ný viðmið í hönnun því hann er einstaklega nettur að utan en afar rúmgóður að innan.

Eyðsla frá 4,1 l/100 km

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen up!

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



# Júlíveisla

## Sumar og sól í 30 stiga hita

## Almeria

8. júlí í 2 vikur



Moguima apartments
Kr. 83.900

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Kr. 124.900 á mann m.v. tvo 2 fullorðna í íbúð með einu svefnherbergi.

## Krít

14. júlí í 10 nætur



Maleme Mare
Frá kr. 119.900 m/allt innifalið

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi með allt innifalið. Netverð á mann mv. 2 fullorðna í studio íbúð kr. 144.900 með allt innifalið.

## Tyrkland

10. júlí í 11 nætur



Bitez Garden Life
Frá kr. 109.900 m/allt innifalið

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskyldu herbergi. Netverð á mann mv. 2 fullorðna í herbergi kr. 146.900

## Costa del Sol

7. júlí í 10 nætur



Roc Costa Park
Kr. 99.900 m/allt innifalið

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskyldu herbergi. Netverð á mann mv. 2 fullorðna í herbergi kr. 134.900.

## Albir

1. júlí í viku



Aparthotel Albir Garden
Kr. 69.900

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Kr. 99.900 á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð með einu svefnherbergi.

## Tenerife

2. júlí í viku



Isla Bonita
Kr. 91.900 m/allt innifalið

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi með allt innifalið. Kr. 109.900 á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi með allt innifalið.

## Alicante

Allra síðustu sætin í júlí



frá kr. 14.900

Heimsferðir bjóða nú ótrúlegt verð á völdum dagsetningum til Alicante í júlí.

**Nú er tækifæri til að bregðast skjótt við og næla sér sæti á frábærum kjörum!**

Netverð frá kr. 14.900. Flugsæti á mann aðra leiðina með sköttum.

## Billund



frá kr. 14.900

Heimsferðir bjóða ótrúlegt verð á völdum dagsetningum til Billund í sumar og haust.

**Nú er tækifæri til að bregðast skjótt við og næla sér sæti á frábærum kjörum!**

Flugsæti á mann aðra leiðina með sköttum.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SÍA / NM63412

**Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri • Sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Heimsferðir



**HJÓLREIÐAKAPPAR VIÐ HÖRPU** Sá sem slasaðist var keppandi í Wow Cyclothon. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Keppandi í Wow Cyclothon:

# Datt af hjóli sínu við Höfða

**SLYS** Tveir sjúkrabílar og lögreglubíll svöruðu tilkynningu um slasaðan hjólreiðamann við Höfða við Sæbraut á fjórða tímanum í gær.

Í fyrstu var talið að ekið hefði verið á hjólreiðakappann en samkvæmt upplýsingum frá Slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu virðist hann hafa dottið af hjóli sínu. Um keppanda úr Símaliðinu í Wow Cyclothon var að ræða.

Lögregla handstýrði umferð á Sæbraut á meðan hugað var að manninum. Hann var fluttur á slysadeild eitthvað lemstraður. **-ktd**

**LÖGREGLUMÁL**

## Svikahrappar hringja

Borið hefur á því undanfarið að erlendir svikahrappar hringi í Íslendinga og þykist vera starfsmenn Microsoft. Microsoft á Íslandi segir algerlega skýrt að starfsmenn á vegum fyrirtækisins hringi aldrei í fólk að fyrra bragði. Öll slík símtöl eru því frá netglæpamönnum.

Jákvæðar horfur í Kópavogi:

# Reitun hækkar lánshæfismatið

**KÓPAVOGUR** Lánshæfismat Kópavogsbæjar hækkar um tvo flokka í mati Reitunar á lánshæfi bæjarins. Matið hækkar í i.A2 úr i.BBB1.

Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Kópavogsbæ. Þar segir að hækkunin sé tilkomin vegna minni áhættu sveitarfélagsins, sterkari efnahags þess og jákvæðra horfa í efnahagsmálum.

„Þessi tíðindi staðfesta það að fjárhagsáætlanir hér hafa verið ábyrgar og þeim hefur verið fylgt vel eftir,“ segir Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogsbæjar. **-rkr**

Leikirnir sýndir á laugardag:

# Gríðarstór skjár á Ingólfstorgi

**DÆGURMÁL** Átta metra háum skjá verður komið fyrir á Ingólfstorgi á laugardag þegar sextán liða úrslit heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu hefjast.

Það er símafyrirtækið Nova sem stendur fyrir uppsetningu skjásins sem og veglegri tónlistardagskrá sem hefst klukkan 14.30.

Högni Egilsson, DJ Margeir og Daníel Ágúst Haraldsson eru á meðal þeirra tónlistarmanna sem stíga á svið að því er segir í fréttatilkynningu.

Viðureignir landsliða Brasilíu og Mexíkós annars vegar og Kólumbíu og Úrúgvæs hins vegar verða svo sýndar á skjánum. **-bá**



**Á FLÓTTA** Almenningur hefur flúið undan sókn ISIS-manna og streymir til Kúrdahéraðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Muktada al Sadr hótar aðgerðum

Núri al Maliki, forsætisráðherra Íraks, hefur kallað saman þingfund í næstu viku í von um að geta komið saman nýrri ríkisstjórn. Hann fagnaði árásum sýrlenska stjórnarhersins á landamærastöð sem herskáir öfgamenn höfðu náð á sitt vald.

**ÍRAK, AP** Núri al Maliki, forsætisráðherra Íraks, fagnaði í gær árásum sýrlenska stjórnarhersins á landamærastöð sem liðsmenn ISIS-samtakanna höfðu náð á sitt vald.

Hann skýrði síðan frá því að í næstu viku yrði þing kallað saman í von um að brátt tækist honum að mynda nýja ríkisstjórn.

Bandalag stjórnmálaflokka sjía-múslima, sem hann veitir forystu, fékk flest þingsæti í kosningum 30. apríl síðastliðinn, en þó aðeins 92 sæti af 328 þannig að hann þarf stuðning frá öðrum flokkum til að hafa þingmeirihluta.

Hann hefur sætt gagnrýni fyrir að hafa undanfarið kjörtímabil gert hagsmunum sjía-múslima hærra undir höfði en annarra hópa í landinu.

Sumir helstu leiðtogar sjía-múslima í Írak hafa tekið undir þessa gagnrýni á al Maliki og skora á hann að hafa fulltrúa allra helstu stjórnmálaafla landsins með í nýju ríkisstjórninni.

Þar á meðal er klerkurinn Muktada al Sadr, sem í gær lét í sér heyra og vill að mynduð verði ný stjórn með nýjum andlitum frá öllum hagsmunahópum.

Hann hét því jafnframt að kippa fótunum undan ISIS-samtökunum, sem hafa náð stórum hluta landsins á sitt vald þótt ekki hafi þau komist inn á svæði sjía-múslima í suðaustanverðu Írak eða svæði Kúrda í norðaustanverðu landinu.

Þegar Íraksstríðið var í hámarki fyrir um tíu árum kom al Sadr sér upp eigin hersveitum og stóð í blóðugri baráttu bæði við innrásarlið Bandaríkjanna og öfgasveitir úr röðum súnní-múslima.

Áður hafði Ali al Sistani, æðsti trúarleiðtogi sjía-múslima í Írak, hvatt til þess að mynduð yrði ný stjórn allra hagsmunahópa.

Al Maliki hefur ekki í hyggju að segja af sér og segir það ganga gegn lýðræði og stjórnarskrá landsins. Hann hefur samkvæmt stjórnarskrá landsins allt sumarið til þess að reyna að mynda meirihlutastjórn.

Ráðamenn í Bandaríkjunum, Bretlandi og fleiri löndum segja hins vegar brýnt að ný stjórn allra hagsmunahópa verði mynduð sem fyrst svo hún geti staðið saman gegn hættunni af hernaði ISIS-samtakanna.

Fjöldi fólks hefur flúið þorp og borgir á þeim svæðum sem ISIS-menn hafa náð á sitt vald og streymir til Kúrdahéraðanna í norðausturhluta Íraks.

gudsteinn@frettabladid.is

## Næstu skref í stjórnarmyndun

Samkvæmt stjórnarskrá Íraks á nýkjörið þing, um leið og það kemur saman, að kjósa sér forseta og tvo varaforseta.

Innan 30 daga þarf þingið svo að kjósa nýjan forseta landsins, en hann fær síðan 15 daga frest til þess að biðja stærsta þingflokkinn um að útnefna forsætisráðherra og mynda nýja ríkisstjórn.

Eftir það hefur sá forsætisráðherra 30 daga til þess að bera ráðherralista sinn undir þingið. Al Maliki getur því haft allt sumarið til þess að reyna að mynda nýja stjórn, taki atburðarásin ekki af honum völdin.




SIEMENS
Frábær eldunartæki frá Siemens á tilboðsverði.



**Bakstursofn**
HB 33G1240S (hvítur)
HB 33G1540S (stál)
Tilboðsverð:
129.900 kr. stgr.
Fullt verð: 189.900 kr.



**Bakstursofn**
HB 36G1260S (hvítur)
Tilboðsverð:
149.900 kr. stgr.
Fullt verð: 209.900 kr.



**Spanhelluborð**
EH 675TE11E
Tilboðsverð:
129.900 kr. stgr.
Fullt verð: 199.900 kr.



**Keramíkhelluborð**
ET 645EN11
Tilboðsverð:
69.900 kr. stgr.
Fullt verð: 119.900 kr.

Gildir aðeins í þrjá daga, 25., 26. og 27. júní, eða meðan birgðir endast.

Athugið! Takmarkað magn í boði.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

# GIRNILEGT Á GRILLIÐ!

**31% afsláttur**

**1498 kr. kg**
Verð áður ~~2197~~ kr. kg
Grísalundir, erlendar

**1989 kr. kg**
Verð áður ~~2248~~ kr. kg
ÍM kjúklingabringur

**2498 kr. kg**
Steikargrillarinn - grísaspjót, grísahnakki og kjúklingalæri

Pylsa í brauði á 68 kr. stk.

**159 kr. pk.**
Líf pylsubrauð, 5 stk.

**359 kr. pk.**
Krónu pylsur, 10 stk.

**25% afsláttur**

21 kr./stk.
25 kr./stk.
22 kr./stk.
23 kr./stk.

**1799 kr. pk.**
Verð áður ~~2399~~ kr. pk.
Libero bleiur, 4 teg.

Hámark 6 pakkar á mann
meðan birgðir endast!

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum



Sumarsala í
MÚRBÚÐARVERÐ
DEKAPRO útimálning,
10 lítrar (A stofn)
7.390
DEKAPRO
MÚRBÚÐIN
TRÉOLÍA 30
weber
Gróf Múrblanda
1 gallon og
5 gallon
AMERÍSKI steypugljáinn sem endist!
Álstigi 2x12 þrep
3.61-6.4 m
28.990
Tréolía 30, 3 lítrar á pallinn
og annað tréverk
2.790
Weber Gróf Múrblanda 25 kg
1.695
Black&Decker
háþrýstidæla max bar 130
29.990
ODEN
ODEN EÐAL OLÍA á palla. Hágæða
Silikonalkyd efni. 3 lítrar
4.490
ODEN
ODEN þekjandi
viðarvörn. 1 líter
1.995
GAH þýskir
byggingarvinklar.
Mikið úrval
Rafhlöðuborvél
/skrúfvél HDD 3213 18V
DIY
8.990
Slípirokkur HDD432
800W 125mm DIY
4.890
HLA-205
Áltrappa 5 þrep, tvöföld
6.690
4 þrepa 5.690,-
6 þrepa 7.890,-
MÚRBÚÐIN
Chemfix
teinalím
345 ml
2.295
Deka
festifrauð
750 ml
985
WZ-9008
Hekk klippur 8"
1.795
Álstigi 3x7 þrep
2.27-5.05 m
17.990
Multi-Function trappa
3x4 þrep með palli
15.990
Garðverkfærasett
490
Hjólbörur 75L
3.995
2.190
1.690
2.190
110 cm
1.690
WZ-9006 Greinaklippur
895
Lescha steypurhrærivél SBM
P150 150 lítra (hægt að taka
í sundur - þýsk gæði)
61.900
MÚRBÚÐIN
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágma


Múrbúðinni
Slöngutengjasett með úðabyssu
695
3 arma garðúðari
450
Garðúðari
495
Slöngutengjasett 1/2" og 3/4"
395
Slöngusamtengi
150
(mikið úrval tengja)
Frábært verð á stál- og plast-þakrennum.
Sjá verðlista á www.murbudin.is
1/2" slanga 15 metra með stút og tengjum
1.490
Slönguvagn á hjólum 1/2" f/50 metra
2.490
Slönguhengi - plast
395
Þrýstiúðabrúsi 5 lítrar
1.690
Mako sterkir ruslapokar 120 lítrar 10stk
390
Þrýstiúðabrúsi 1,5 líter
695
5 lítra bensínbrúsi
990
10 lítra brúsi kr.1.495
20 lítra brúsi kr. 2.100
Laufhrífa
790
MIKIÐ ÚRVAL AF RISAPOTTUM
Gua 539-1 með veggstál-plötu, grind fylgir, 1mm stál
17.990
Garðverkfæra hirsla 52x32x20 cm
1.390
CUBO Leirpottur 30x30 cm
1.890
Gluggaþvotta-kústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun
2.690
20 lítra fata
795
einnig til 12lítra á
595
12 lítra fata
345
895
990
545
Ø=18cm
165
Drive ryksuga í bílskúrinn
• 1200W
• 20 lítra
• sogkraftur > 16KPA
• fjöldi fylgihluta
7.490
65 lítra bali
1.995
Garðkarfa 25L
990
einnig fáanleg 50 lítra karfa kr. 1.990
Flúðamold 20 l
590
WZ-9019 Greinaklippur
1.795
Jarðvegsdúkur 10x1,2 metrar
1.490
Furukrossviður
Sjá verðlista á www.murbudin.is
verðdæmi 12mm 5 laga 122x244cm kr. 3.890
Kapalkefli 10 mtr
2.990
Rafmagnshita-blásari 2Kw 1 fasa
6.990
15 metra rafmagnssnúra
3.190
Rafmagnshita-blásari 2Kw
2.190
PVC húðað vírnet 50cmx15 metrar
4.395
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
rksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



**ÍSRAELSKI HERINN LEITAR Í PALESTÍNU** Palestínumaður flytur brúsa á asna meðan tveir ísraelskir hermenn koma sér fyrir í þorpinu Awarta, en ísraelski herinn hefur ákaft leitað að þremur ísraelskum ungmennum sem talið er að hafi verið rænt. NORDICPHOTOS/AFP



**SEFUR Á TRÖPPUM Á FILIPPSEYJUM** Í Maníla, höfuðborg Filippseyja, má víða sjá merki þess að náttúruhamfarir síðustu ára hafi komið harðar niður á landsmönnum en áður var talið.

# ÁSTAND HEIMSINS






**FÍKNIEFNI BRENND Í PAKISTAN** Pakistanskir hermenn eftir að hafa kveikt í haugum af fíkniefnum í tilefni af alþjóðlegum degi gegn fíkniefnamisnotkun.



**FÖGNUÐUR Í BANDARÍKJUNUM** Adam Shoffner hrópar af gleði eftir að hafa gengið í hjónaband með Daniel Tolliver í Illinois. Alríkisdómstóll hafði þá fellt úr gildi bann við hjónavígslum samkynhneigðra í Illinois.



**BÍÐUR ÖRLAGANNA VIÐ ÍTALÍUSTRÖND** Skemmtiferðaskipið Costa Concordia er enn á strandstað hjá eyjunni Giclio, en innan fárra daga munu ráðherrar taka ákvörðun um það hvort skipið verður dregið til Genúa og notað þar í brotajárn eða ekki.




WRIGLEY'S
Extra
XYLITOL
SUPERBERRIES flavoured
sugarfree gum
25
BITAR
NÝTT
BRAGÐ
BORÐA
DREKKA
TYGGJA
FYRIR STERKAR OG HREINAR TENNUR
Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

# SKOÐUN

Við þurfum ekki ríkisforsjá um hvað fólk má heita:

## Úrelt nafnalög

Fátt er jafnpersónulegt og nafn manns. Sama á við um þá ákvörðun foreldra hvað barnið þeirra á að heita. Jú, vissulega vilja aðrir stundum hafa skoðun á þeirri ákvörðun – en á ríkisvaldið að vera í þeim hópi?

Á Íslandi er í gildi margflókinn bálkur um mannanöfn. Þar er kveðið á um hámarksfjölda nafna sem maður getur borið, hvernig millinöfn og kenninöfn megi vera og síðast en ekki sízt um opinbert eftirlit með nafngiftum. Ef nafn er ekki á opinberri skrá má ekki gefa það barni nema opinber nefnd hafi áður úrskurðað að það sé í lagi; að það sé í samræmi við íslenzkt málkerfi, taki eignarfallsendingu eða hafi unnið sér hefð í málinu. Þá verður nafnið að vera skrifað í samræmi við almennar ritreglur, nema hefð sé fyrir öðrum rithætti. Dreng má ekki gefa kvenmannsnafn og stúlku ekki karlmannsnafn og svo framvegis.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Af og til koma upp afkáralegar afleiðingar þessarar nafnapólitíkur. Fréttablaðið sagði frá því í vikunni að tíu ára gömul stúlka héti einmitt „Stúlka“ í þjóðskrá, af því að mannanafnanefnd neitar að leyfa henni að heita nafni brezkrar ömmu sinnar, Harriet. Og af því að Þjóðskrá túlkar núna lagabókstafinn þrengra en áður, fær Harriet ekki íslenzkt vegabréf til að ferðast til útlanda.

Ef Harriet ætti foreldra sem bæði væru erlendir ríkisborgarar, mætti hún heita nafninu sínu. En af því að annað þeirra er íslenzkur borgari, þarf hún að undirgangast þá bjánalegu reglu að mega ekki heita nafni úr eigin fjölskyldu, nema þá að annað rammíslenzkt nafn fylgi með. Systkini hennar tvö eru fædd erlendis og mega þá heita það sem þau heita.

Markmiðið með núgildandi mannanafnalögum var ekki sízt að vinna að „varðveislu íslenska mannanafnaforðans og íslenskra nafnasiða“. Annað markmið þeirra var að rétta hlut útlendinga sem flyttu hingað til lands, þannig að þeir væru ekki þvingaðir til að taka sér íslenzk nöfn eins og áður var. Nú er hins vegar svo komið að fólk fætt í útlöndum og með erlendan ríkisborgararétt er orðið stór hluti af íbúum landsins. Nafnalögin ná í rauninni ekki yfir þennan hóp, sem getur leyft börnunum sínum að heita þeim nöfnum sem fólk vill. Um leið fjölgar hjónaböndum þar sem annað hjóna er erlent, en þá strax vill íslenzka ríkið fara að skipta sér af nafngiftum barnanna. Og svo gilda enn þrengri reglur um nöfn barna sem tveir íslenzkir borgarar eiga saman.

Forsjárhyggja af þessu tagi á ekki heima í nútímasamfélagi. Ef Íslendingar vilja almennt varðveita íslenzka nafnaforðann og -hefðina, gera þeir það sjálfir, án hjálpar sérstaks smekkfólks í opinberum stofnunum.

Undanfarin ár hafa verið lögð fram frumvörp á Alþingi um að leggja niður mannanafnanefnd og mannanafnaskrá og fela innanríkisráðherra hlutverk mannanafnanefndar. Það er hins vegar breyting sem gengur of skammt, vilji fólk á annað borð losna við forsjárhyggjuna í þessu efni. Ef við afnemum ekki reglurnar um eignarfallsendingar, ritháttt, að millinafn megi ekki hafa eignarfallsendingu, að ekki megi taka upp ættarnafn maka nema maður sé útlendingur og svo framvegis, verður bara til eitthvert nýtt apparat smekkfólks á nöfn hjá ráðherranum.

Bezt er að leyfa fólki að ráða sjálft, en halda hugsanlega í varnagla eins og þann sem er í núverandi lögum, að nafn megi ekki vera þeim sem ber það til ama.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

GILDIR FÖSTUDAG OG LAUGARDAG
48 TÍMA OFURTILBOÐ




SIEMENS
HB-75GB560S Ofn
Glæsilegur Siemens ofn með **Pyrolyse sjálfhreinsibúnaði** sem hitar upp í 500°C og brennir alla fitu og óhreinindi upp til agna. Umhverfisvænt og einfalt.
- 9 eldunarkerfi þ.á.m. **pizzakerfi**,
- glóðarsteiking og ekta heitur blástur sem tryggir hámarksárangur.
- **SoftClose hæglokun** á hurð.
- Stílhreint útlit í burstuðu stáli með **innfelldum sökkhnöppum** og rafeindaklukku með LED lýsingu.
- **XL 65 lítra** ofn í **A-30%** orkuflokki.
- Fullt verð kr **259.900.**

XL 65 L | PYRO LYSE | EKTA HEITUR BLÁSTUR | HÆG-LOKUN
Rafha ehf
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500 www.rafha.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Langt í 100 bestu

Þorvaldur Gylfason prófessor sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 í fyrradag að Alþingi væri að daðra við aðför að lýðræðinu með því að setja á fót stjórnarskrárnefnd til að skipta ekki út gildandi stjórnarskrá fyrir tillögu stjórnlagaráðs. Brynjar Níelsson, lögmaður og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segist á Facebook-síðu sinni væntanlega vera einn af valdaránsmönnunum sem hrifsuðu völdin af prófessornum. Brynjar ráðleggur Þorvaldi að lesa stjórnarskrá þá sem enn er í gildi, þá myndi hann kannski átta sig á að það telst ekki valdarán að fara ekki eftir skoðanakönnunum, sama hvað honum finnst þær lýðræðislegar. Brynjar bætir því við að lokum að honum sýnist að það geti dregist eitthvað að HÍ verði meðal 100 bestu háskóla í heimi.



### Pressa á ríkisstjórnina

Styrmir Gunnarsson, penni á Evrópuvaktinni, setur pressu á ríkisstjórnina í pistli í gær þar sem hann segir að ekki heyrist orð frá stjórnarflokkunum um hvað þeir hyggist gera varðandi afturköllun aðildarumsóknar Íslands að Evrópusambandinu. Hann segir hyggilegt fyrir þá að átta sig á því hvað tíminn er fljótur að líða og þeir geti ekki gengið að neinu sem vísu um úrslit næstu þingkosninga. Styrmir segir ljóst að forystumenn flokkanna verði að taka sig saman í herðunum og taka ákvörðun og ekki fari á milli mála að andstæðingar aðildar verði að auka starfsemi sína en ekki draga úr henni. Evrópuandstæðingarnir ætla sér greinilega ekki að láta málið sofna í nefnd. Hreint ekki.



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Fáein orð um samtakamátt

HEILBRIGÐISMÁL



Kristján Þór Júlíusson
heilbrigðisráðherra

Landspítala voru í gær færðar að gjöf 110 milljónir króna til kaupa á svokölluðum aðgerðaþjarka. Gjöfin kemur úr sjóði sem stofnaður var í þessum tilgangi en samkvæmt samkomulagi við spítalann skyldi ráðist í kaupin, tækist að safna fyrir um helmingi kaupverðsins. Söfnunin hefur staðið yfir í tæpt ár og gengið vonum framar, enda eldhugar sem efndu til hennar og kveiktu áhuga hjá öðrum til þátttöku.

Mikilvægi aðgerðaþjarkans er margþætt og hugurinn að baki söfnuninni skiptir einnig máli. Framlög hafa borist víðs vegar að af landinu, smá og stór, frá einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum, að ógleymdum þeim merka Pokasjóði sem lagði drjúgt til mála. Þannig sýnir fólk hug sinn til Landspítalans sem stendur augljóslega undir nafni sem þjóðarsjúkrahúsið okkar allra. Þessi söfnun er líka frábært dæmi um samtakamáttinn, hvernig hann getur flutt fjöll, stuðlað að framförum og fært okkur nýja sigra.

Faglegt mikilvægi aðgerðaþjarkans er óumdeilt. Tæki sem þessi eru til á sjúkrahúsum víða um heim og fer fjölgandi. Um læknisfræðilegt gildi ætla ég ekki að fjölyrða en vísa á viðtal við Eirík Jónsson yfirlækni í Læknablaðinu á liðnu ári.

**➜ Þannig sýnir fólk hug sinn til Landspítalans sem stendur augljóslega undir nafni sem þjóðarsjúkrahúsið okkar allra.**

Bætt meðferð og skjótari bati sjúklinga er stærsti ávinningurinn en að auki fæst sá stóri bónus að Landspítalinn fetar inn í heim nýjustu tækni nútíðar og framtíðar.

Ég hef nefnt nafn Eiríks Jónssonar og vil þakka honum sérstaklega fyrir framsýni og metnað sem hann ber í brjósti fyrir sérgrein sína, sjúklinga og framtíð Landspítalans. Eiríkur hefur verið ein helsta driffjöðrin að baki söfnuninni og hans þáttur er ómetanlegur.

Alþingi samþykkti á liðnu ári áætlun um aukin framlög næstu árin til endurnýjunar á tækjakosti Landspítalans, auk þess sem rekstrargrunnur spítalans var styrktur. Þetta skiptir miklu og mun gera spítalanum kleift að standa undir mikilvægri endurnýjun tækja frá ári til árs. Kaupin á aðgerðaþjarkanum hefðu ekki verið gerleg hefði söfnunin ekki komið til – en með þessu merka söfnunarátaki og auknum framlögum úr ríkissjóði er þetta þjóðþrifamál mögulegt. Vörn síðustu ára hefur verið snúið í sókn hjá Landspítalanum og fram undan eru bjartari tímar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Too big to semj

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Í þriðja skipti á örskömmum tíma er lagasetningu, eða í það minnsta hótun um lagasetningu, beitt í þágu fyrirtækis sem getur ekki samið um kaup við starfsfólk sitt. Lög voru sett á verkfall flugmanna hjá Icelandair, lög hefðu án efa verið sett á verkfall flugfreyja hjá Icelandair og það var nánast búið að setja lög á verkfall flugvirkja hjá Icelandair áður en flugvirkjarnir hættu við sínar aðgerðir.

Enn á ný hófst tal um að fámenn hálaunastétt ætti ekki að fá að lama samgöngur til og frá landinu. Ágætlega heppnuð áróðursrök. Fólki er illa við að fólk hafi há laun. Fólki er illa við fólk sem truflar sumarfrí annars fólks. Við Íslendingar erum háðir flugi þegar kemur að samgöngum til og frá landinu og auðvitað mætti fallast á það að ein stétt á ekki að fá að „lama samgöngur“ sama hve há eða lág laun hennar eru.

En þessi rök hefðu kannski átt við um flugumferðarstjóra eða aðrar opinberar eða hálfopinberar stéttir þar sem erfiðara er að ímynda sér samkeppni. En hvorki flugmenn, flugfreyjur eða flugvirkjar eru dæmi um þannig stéttir. Vel að merkja eru flugmenn, flugfreyjur og flugvirkjar eins fyrirtækis alls ekki „stéttir“. Þetta eru starfsmenn eins fyrirtækis.

### Lömuðust samgöngur?

Verkfall flugvirkja hjá Icelandair hófst 16. júní klukkan 6.00. Það sem eftir leið dags fóru 15 flug frá Íslandi. Átta þeirra voru á vegum Wow en það fóru einnig flugvélar frá Delta Air, SAS, Atlantic Airways, easyJet og Lufthansa. Til viðbótar fljúga AirBerlin, GermanWings og Norwegian til landsins auk nokkurra leiguflugfélaga. Ekkert áðurnefndra flugfélaga lenti í vandræðum með kaup á nauðsynlegri þjónustu fyrir flug sín þennan dag. Öll þeirra græddu. Icelandair tapaði.

Segjum að verkfallið hjá Icelandair hefði staðið yfir í viku. Það hefði verið glatað fyrir Icelandair. Það hefði verið glatað fyrir marga aðila í ferðaþjónustubransanum. Það hefði verið svolítið glatað fyrir marga Íslendinga sem hefðu keypt sér miða með Icelandair þá vikuna. Þeir hefðu þurft að breyta sínum plönum. Þeir hefðu væntanlega fengið endurgreitt og hefðu getað keypt sér far með öðrum flugfélögum. Önnur flugfélög hefðu hugsanlega getað bætt inn flugferðum til að dekka eftirspurnina. Þau hefðu getað stokkið inn í bestu afgreiðslutímana á Keflavíkurflugvelli sem Icelandair heldur í krafti hefðarréttar. Samkeppni hefði eflst.

> Kannski hugsuðu menn um almannahag, en þá var það almannahagur til fremur skamms tíma. Til lengdar ætti að styðja við samkeppni í stað þess að klappa fákeppninni á bakið.

### Lög á bensínverkfall hjá N1?

Segjum sem svo að bensínafgreiðslumenn hjá N1 færu í verkfall. Það væri alveg glatað fyrir fyrirtækið N1 og kannski líka íbúa Hríseyjar og Grímseyjar eða annarra staða sem reiða sig á bensín frá þessu eina olíufélagi en væri einhver ástæða til setja lög á slíkt verkfall? Auðvitað ekki.

Það má auðvitað alveg skilja áhyggjur sem fólk hefur af þjóðhagslegum áhrifum til skamms tíma. Og það er vissulega minni fyrirhöfn að skipta um bensínstöð en að breyta flugi. En samkeppni er samt betri en fákeppni.

Annað dæmi: Veitingastaðir þurfa mjólk. Ef Mjólkursamsalan lenti í vandræðum með að semja við sitt fólk væri það líka vont fyrir ferðaþjónustuna. En ef það myndi skapa rými á markaðnum fyrir aðra framleiðendur væri það gott fyrir alla til lengdar.

### Of stórir til að semja

Á ensku er stundum talað um að fyrirtæki séu „too big to fail“ – of stór til að geta fallið. Þá er átt við að stjórnvöld telji fyrirtækið gegna það mikilvægu hlutverki í gangverki samfélagsins að því muni örugglega verða bjargað ef það lendir í ruglinu. Það er auðvitað frábært fyrir fyrirtæki að koma sér í þá aðstöðu. Og varla verða merkin um það skýrari en þegar þing er kallað saman vegna þess að fyrirtækið getur ekki lengur sjálft samið um kaup á nauðsynlegri þjónustu.

Kannski hugsuðu menn um almannahag, en þá var það almannahagur til fremur skamms tíma. Til lengdar ætti að styðja við samkeppni í stað þess að klappa fákeppninni á bakið.

## AF NETINU

### Ókannaðar víddir andans



Ef einhver hefði spáð því fyrir 200 árum að hægt yrði að senda mynd og hljóð um víða veröld eftir 250 ár hefði sá hinn sami verið talinn fullkomlega geggjaður, enda hefði engum heilvita manni dottið slíkt í hug.

Sama hefði verið sagt um mann sem fyrir 50 árum hefði spáð fyrir um það að hægt yrði að stýra bíl með hugsunum sínum einum saman.

Ég hef upplifað atburði og fyrirbæri sem engin leið er að útskýra nema með því að álykta sem svo að máttur hugans, hraði hans og víddir, sem spanna óendanleikann og eilífðina, sé staðreynd sem nær út fyrir þann efnislega þrívíddarheim sem við viðurkennum og vísindin fást við.

http://omarragnarsson.blog.is/

*Ómar Ragnarsson*

## TÍSTIÐ



Atli Fannar Bjarkason
**@atlifannar**

Fjölmiðlar erlendis birta nú fréttir af litlu bjánaþjóðinni sem er með asnalega ströng lög um nöfn. Takk, mannanafnanefnd. #leggjaniður



Gísli Marteinn Baldursson
**@gislimarteinn**

Eru allir með það á hreinu að appelsína þýðir bókstaflega epli frá Kína? Næstum of gott til að vera satt.

Frábærar McCain franskar á 5 mínútum




Franskar kartöflur í sérflokki sem þú töfrar fram á augabragði. Einföld og fljótleg matreiðsla og algjör sæla fyrir bragðlaukana. Prófaðu núna!

McCain

Hlíðarendi - Breyting á deiliskipulagi



Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Breytingin felur í sér fjölgun íbúða úr 360 í 600, fækkun fermetra atvinnuhúsnæðis á jarðhæðum reita C, D, E og F, nýrri borgargötu með aðkomu að íþróttasvæði bætt við milli knatthúss og lóðar A og gert ráð fyrir leikskóla í byggingu knatthúss. Auk þess sem fjölbreytileiki byggðar eykst með stöllun húshæða, sem áður voru einsleitari með 4 hæðum og inndreginni 5.hæð, en munu nú trappast frá 3-5 hæðum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, frá 27. júní til og með 8. ágúst 2014. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, www.reykjavik.is, undir skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega, til umhverfis – og skipulagsviðs, b.t. skipulagsfulltrúa, eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 8. ágúst 2014.

Reykjavíkurborg

www.reykjavik.is/usk

# Tíminn er auðlind

Eitt stærsta vandamál nútímasamfélags er hraði sem leiðir af sér órara samfélag, þar sem allir eru í kappi við tímann. Tíminn er auðlind sem nútíminn gerir kröfu um að sé nýtt. Það er komið að því að staldra við og skoða þessa hraðaáráttu. Gandhi sagði eitt sinn að lífið væri annað og meira en aukinn hraði. Það mætti segja að samtímann skorti króníska leti, leti sem fólk nýtir til lesturs, leti sem einstaklingar nota til að hugsa, leti til að eiga fleiri samverustundir með fjölskyldunni og þannig mætti halda áfram.

SAMFÉLAGSMÁL



**Hjálmar Bogi Hafliðason**
varaþingmaður Framsóknarflokksins

Nútímahagkerfið, sem hrundi, snerist ekki aðeins um að sá stóri éti þann smáa heldur einnig þann svifaseina. Eitthvað hlaut að gefa eftir og sitjum við nú uppi með afleiðingu mikillar hraðadýrkunar. Þetta kallar á hugarfarsbreytingu. Krafan um breytingar í samfélaginu er hávær og hefur alltaf verið. Þannig hefur maðurinn þróað samfélag sitt til hins betra með ýmsum feilsporum og lært af mistökum sínum. En hvernig breytum við samfélaginu til hins betra nema ræða okkur niður á skynsamlegustu leiðina sem allra flestir geta sætt sig við?

Mannskepnan er enn sem hún var, grimm, ofbeldisfull, árásargjörn og kappsöm. Samfélag manna hefur mótast af hegðun. Ríkjandi viðhorf í hverju menningarsamfélagi hefur tilhneigingu til að styðja og viðhalda því sem virtast er innan þeirrar menningar. Í samfélagi þar sem árangur og staða er mæld í efnislegum auð en ekki félagslegu framlagi veltir maður fyrir sér nútímasamfélagi.

En hvert stefnum við þá sem þjóð? Rannsóknir hafa sýnt að viðhorf manna eru eitt af því erfiðasta sem hægt er að eiga við. Sérstaklega þegar kemur að hlutum sem skipa stóran sess í lífi fólks. Þá skipta rök og staðreyndir jafnvel engu máli. Það er viðhorfið sem gildir og nægir mörgum sem staðreynd. Fólk hefur þörf á að hafa málstað og myndar sér gjarnan einhverja skoðun byggða á óskhyggju, þ.e. fólk trúir einhverju svo mikið að það fer að búa til rök sem leiða að fyrir fram gefinni niðurstöðu.

# Af lagaleið

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur skrifaði grein undir fyrirsögninni „Dugar lögfræðin?“ sem birtist í Fréttablaðinu mánudaginn 23. júní sl. Í inngangi greinarinnar setur hann upp litla „dæmisögu“ sem er bersýnilega ætlað að vísa til Al Thanimálsins sem nú bíður meðferðar í Hæstarétti Íslands.

Ég sé mig knúinn til að gera nokkrar athugasemdir við þessa „dæmisögu“ vegna þess að þrátt fyrir augljós líkindi við Al Thani-málið koma fram veigamiklar staðreyndavillur í sögu Guðmundar sem snúa atvikum á hvolf og gefa villandi mynd af hinni raunverulegu atburðarás.

SAMFÉLAGSMÁL



**Hreiðar Már Sigurðsson**
fyrrverandi forstjóri Kaupþings

Guðmundur Andri stillir upp þeirri mynd að fenginn hafi verið útlendingur til að kaupa stóran hlut í banka á uppsprengdu verði en aldrei greitt krónu fyrir. Þá er því haldið fram að kaupin hafi verið til þess ætluð að halda uppi verði á hlutabréfum í bankanum og áður hafi „ótal“ starfsmenn bankans verið látnir skrá sig fyrir „ómældum“ kaupum á hlutabréfum í bankanum í sama skyni.

### Hlutabréf á markaðsvirði

Í fyrsta lagi fóru kaup Al Thanis á hlutabréfum í Kaupþingi fram á markaðsvirði en ekki á „uppsprengdu“ verði eins og segir í sögu Guðmundar Andra. Þá er beinlínis rangt að Al Thani hafi aldrei greitt krónu sjálfur fyrir kaupin. Hann tók sjálfskuldarábyrgð á helmingi kaupverðsins og gekk síðar frá samningum við slitastjórn Kaupþings um greiðslu á milljörðum vegna þeirrar ábyrgðar.

Einnig er rangt að starfsmenn bankans hafi verið látnir skrá sig fyrir hlutabréfum í því skyni að halda uppi verði hlutabréfa. Starfskjör lykilstarfsmanna bankans fólu í sér rétt til kaupa á hlutabréfum í bankanum á hagstæðum kjörum. Flestir nýttu sér þann rétt. Var þar um að ræða hluta af starfskjarastefnu bankans sem samþykkt var af hluthöfum á aðalfundi en ekki tilraun til að hafa áhrif á markaðsverð hlutabréfa.

Ávallt hefur legið fyrir að við stjórnendur Kaupþings fögnuðum hlutabréfakaupum Al Thanis. Árið 2008 voru viðsjárverðir tímar í alþjóðlegum fjármálaheimi og flestir helstu bankar heimsins kepptust við að styrkja stöðu sína, meðal annars með því að styrkja hluthafahóp sinn með aðkomu fjársterkra aðila, ekki síst frá Mið-Austurlöndum. Í því fólst ekki tilraun til markaðsmisnotkunar heldur töldu helstu bankar miklu máli skipta að fá til liðs við sig sterka bakhjarla og jafnframt stækka og breikka hluthafahóp sinn.

### Aðkoman mikilvæg viðurkenning

Hið sama gilti um Kaupþing og aðra alþjóðlega banka. Enn fremur átti Kaupþing ekki eins gott skjól hjá seðlabanka sínum og bankar sem nutu skjóls stærri seðlabanka og stærri gjaldmiðla. Aðkoma Al Thanis, eins auðugasta fjárfestis í heimi, að hluthafahópi Kaupþings var mikilvæg viðurkenning á því að hann liti á Kaupþing sem ákjósanlegan fjárfestingarkost og hefðu kaup hans styrkt Kaupþing til framtíðar ef ekki hefðu komið til utanaðkomandi atburðir, sem kipptu fótunum undan bankanum.

Uppgjör falls bankanna á Íslandi hefur að mestu falist í því að stofnað var sérstakt embætti saksóknara sem hefur það hlutverk að glæpavæða og skilgreina alla starfsemi íslensku bankanna fyrir hrun sem skipulagða glæpastarfsemi. Í þeim tilgangi hafa hundruð manna haft réttarstöðu grunaðs eða sakbornings í á sjötta ár. Sakborningar í hrunmálum hafa neyðst til að ráða sér verjendur og réttargæslumenn.

**➜ Bankar um allan heim féllu. Hvergi hefur verið reynt að glæpavæða þessa fjármálakrísu með almennum hætti nema hér á Íslandi.**

Guðmundur Andri telur að uppgjörið við hrunið hafi ekki farið almennilega fram hér á Íslandi vegna þess að það hafi verið of mikið „á forsendum lögfræðinganna“.

### Litið í eigin barm

Það er hægt að taka undir með Guðmundi Andra að sennilega er ekki besta leiðin til að gera upp við hrunið að gera það á forsendum lögfræðinganna. Það er hins vegar fráleitt að gera þá kröfu til sakborninga í hrunmálum að þeir falli frá rétti sínum til að halda uppi vörnum í dómsmálum sem saksóknarar höfða gegn þeim.

Flestir geta litið í eigin barm og fundið til ábyrgðar á því sem fór úrskeiðis hér á landi í aðdraganda falls bankanna 2008 og við sem stjórnuðum bönkunum getum að sjálfsögðu ekki vikist undan okkar ábyrgð. Það gleymist hins vegar oft að það voru ekki aðeins íslenskir bankar sem féllu í hinni alþjóðlegu fjármálakrísu. Bankar um allan heim féllu. Hvergi hefur verið reynt að glæpavæða þessa fjármálakrísu með almennum hætti nema hér á Íslandi.

Það er því ekki endilega góður byrjunarpunktur að hefja umræðu og uppgjör við fall íslensku bankanna á að ganga út frá því að að fall þeirra hafi stafað af víðfeðmri glæpastarfsemi eigenda þeirra, stjórnenda eða almennra starfsmanna.





## Fáðu tilboð í sólpallinn

**Komdu og fáðu ráðgjöf og tilboð í sólpallinn hjá sérfræðingum okkar. Við tökum vel á móti þér.**

P5 ÁBYRGÐ

# LÆGRA VERÐ Á PALLAEFNI

**100% verðöryggi og 5 ára ábyrgð fyrir pallinn þinn**

## UNDIRSTÖÐUR - NÝJAR LAUSNIR

Ný tegund stólpa fyrir sólpalla girðingar, smáhýsi, skilti og flaggstangir.

ÍSLANDSHÚS



**Teitur stólpi**
**9.990 kr**
80cm / 65 kg
601363

**Purkur stólpi**
**8.690 kr**
60cm / 50 kg
601362

**Álfur stólpi**
**6.840 kr**
30cm / 30 kg
601361

**Steini stólpi**
**8.290 kr**
40x40cm / 55 kg
601364



## KYNNING OG RÁÐGJÖF Í GRAFARHOLTI

Óskar Húnfjörð, byggingafræðingur, veitir ráðgjöf og kynnir nýjar stólpalausnir í Húsasmiðjunni Grafarholti:

Föstudag ........................ 10-18
Laugardag .................... 12-18



**Festingajárn fyrir stólpa, ýmsar útfærslur og nýjar lausnir**



**Garðhús 4.4 m²**
**189.900 kr**
32 mm bjálki

GÆÐI! Bjálkaþykkt 32 mm

**Garðhús 4,4 m²**
Breidd: 167 cm | Lengd: 267 cm
Vegghæð: 170 cm | Bjálkaþykkt: 32 mm
600239




**Pallaolía 3 ltr**
**2.385 kr**
~~3.295~~



**Borðsög**
**29.995 kr**
1500 W

**Borðsög POWX 221**
1500w - 254mm blað sögun
90°/80mm - 45°/55mm
5245201




**Bútsög**
**11.995 kr**
1200 W

**Bútsög POW8130**
1200W - 210mm blað
5245205

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA



Þökkum vinarhug og hlýju við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, pabba okkar, tengdapabba, afa, langafa og bróður,

**BERGMUNDAR ÖGMUNDSSONAR**
**skipstjóra og útgerðarmanns í Ólafsvík,**

sem andaðist 21. maí. Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalarheimilisins Jaðars í Ólafsvík.

**Sigríður Þóra Eggertsdóttir**
**Þórdís Bergmundsdóttir** **Elvar Guðvin Kristinsson**
**Elsa S. Bergmundsdóttir** **Aðalsteinn Snæbjörnsson**
**afastrákarnir, langafabörnin og systkini.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTBJÖRG HALLDÓRSDÓTTIR**
**Lækjargötu 7, Akureyri,**

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju mánudaginn 30. júní kl. 10.30.
Innilegar þakkir sendum við til starfsfólks á Dvalarheimilinu Hlíð.

**Erna Magnúsdóttir**
**Eva B. Magnúsdóttir** **Jóhannes Árnason**
**Brynjólfur H. Magnússon** **Hulda Björg Kristjánsdóttir**
**Rúnar Magnússon**
**ömmu- og langömmubörn.**



Ástkær frænka okkar,

**EYRÚN ERLA RUNÓLFSDÓTTIR**

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi þann 16. júní síðastliðinn. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Einar Guðmundsson** **Harpa Guðmundsdóttir**
**Gunnar Guðmundsson** **Mundína F. Marinósdóttir**
**Guðrún Guðmundsdóttir** **Guðjón Svavar Jensen**
**Hrafnhildur Guðmundsdóttir** **Helgi G. Jósepsson**
**og fjölskyldur þeirra.**



Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**SÖLVI JÓNASSON**
**sjómaður og smiður frá Bíldudal,**

lést á Hrafnistu fimmtudaginn 19. júní 2014. Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 8. júlí kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Haukur Sölvason.**






# Úr hestatúr á tónleika

**Hljómsveitin Hundur í óskilum fagnar 20 ára afmæli í ár. Í tilefni þess blésu félagarnir til þrennra tónleika en þeir síðustu verða haldnir í kvöld á Græna hattinum á Akureyri.**

„Þetta byrjaði allt í partíi árið 1994 en þar varð til hljómsveit sem hefur starfað síðan,“ segir Hjörleifur Hjartarson, annar tveggja meðlima hljómsveitarinnar Hundur í óskilum sem fagnar 20 ára starfsafmæli í ár.

„Það hafa verið litlar mannabreytingar á þessum tíma, enda erum við bara tveir,“ segir Hjörleifur en ásamt honum skipar hljómsveitina Eiríkur Stephensen.

Í tilefni starfsafmælisins blés sveitin til þrennra tónleika og eru þriðju og seinustu tónleikarnir í kvöld á Græna hattinum á Akureyri. Hjörleifur segir hljómsveitina spila „alls konar“ tónlist. „Við spilum mikið af svokölluðum cover-lögum sem oftar en ekki eru spiluð betur en þau voru upphaflega,“ segir Hjörleifur. „Við höfum mikið verið að laga lög sem eru ekki góð og skeyta saman lögum ef þau eru ekki fullkomin,“ segir tónlistarmaðurinn og bætir því við að það sé erfitt að lýsa tónlist þeirra félaganna, enda spili þeir á ógrynni af hljóðfærum og verkfærum sem hægt er að nota til tónlistarsköpunar.

„Hárþurrkur, hækjur, þvottavélar og svona alls konar dót sem er misgóð hljóðfæri en má alveg nota.“

Hljómsveitin hefur verið temmilega farsæl í þessi 20 ár sem hún hefur starfað og hafa félagarnir fengið hvorki meira né minna en tvenn Grímuverðlaun fyrir tónlistarsköpun sína í leikhúsi. „Við gerðum tónlist fyrir Íslandsklukkuna á sínum tíma og vorum líka með sýninguna Saga þjóðar sem gekk í alveg 80 sýningar í Borgarleikhúsinu,“ segir Hjörleifur en það var listamaðurinn Benedikt Erlingsson sem leikstýrði þeirri sýningu.

Tónlistarmennirnir tveir eru eins og er staddir í hestatúr ásamt 20 sænskum konum en þeir taka einn vikutúr á ári með Pólar hestum. „Okkur líður bara bærilega hérna í Laxárdalnum,“ segir Hjörleifur. „Við vorum með tónleika í Kiðagili hér í fyrrakvöld, en við þurfum síðan að hlaupa úr túrnum í kvöld til að halda tónleikana og förum síðan strax aftur,“ segir Hjörleifur. „Þeysireið í Þingeyjarsýslu, síðan þegar túrinn er búinn þá er bara grái hversdagsleikinn aftur.“

baldvin@frettabladid.is



**ENN ÞÁ HRESSIR** Þrátt fyrir að hafa starfað í 20 ár halda félagarnir enn þá sama gamla stuðinu uppi á tónleikum sínum.

> **Hárþurrkur, hækjur, þvottavélar og svona alls konar dót sem er misgóð hljóðfæri en má alveg nota.**
>
> *Hjörleifur Hjartarson, meðlimur hljómsveitarinnar Hundur í óskilum.*



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar og tengdasonar,

**MAGNÚSAR GEIRS PÁLSSONAR**
**Miðhúsum 16, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks krabbameinsdeildar LSH og líknardeildar LSH í Kópavogi fyrir góða umönnun, starfsfólki Eignamiðlunar fyrir góðan stuðning, Gæðabakstri fyrir veitta aðstoð og Jóhanni Friðgeiri Valdimarssyni.

**Áslaug Sif Gunnarsdóttir**
**Bára Sif Magnúsdóttir**
**Gunnar Þór Magnússon**
**Gunnar Sveinsson** **Bára Þorvaldsdóttir**



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**TRAUSTI HELGI ÁRNASON**
**kennari og múrarameistari,**

lést aðfaranótt 20. júní. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju mánudaginn 30. júní kl. 13.30. Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Heimahlynninguá Akureyri, Öldrunarheimili Akureyrar og FSA.

**Margrét Jónsdóttir**
**Sigurður Traustason** **Jónína Lárusdóttir**
**Rannveig Traustadóttir** **Einar Birgir Steinþórsson**
**Hólmfríður Traustadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæra

**STEINVÖR SIGURÐARDÓTTIR**
**DIDDA**
**Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,**

lést á LHS Fossvogi þann 25. júní.
Útförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðrún Einarsdóttir**
**Jenný Einarsdóttir** **Hjalti Sæmundsson**
**Sigurður Einarsson** **Sólveig Birna Jósefsdóttir**
**Þórður Einarsson** **Guðbjörg Óskarsdóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**EDDA ÞÓRARINSDÓTTIR**

sem andaðist 21. júní síðastliðinn verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 1. júlí kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa.

**Ingiveig Gunnarsdóttir**
**Þórarinn Gunnarsson** **Álfhildur Sylvía Jóhannsdóttir**
**Friðjón Björgvin Gunnarsson** **Harpa Hlynsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ARNRÚN S. SIGFÚSDÓTTIR**
**Prestastíg 9, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 19. júní.
Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 30. júní kl. 13.00.

**Eiður Guðjohnsen**
**Arnór Guðjohnsen** **Anna Borg**
**Ragnheiður Guðjohnsen** **Aðalsteinn Sigurðsson**
**Sigríður M. Guðjohnsen** **Björgvin I. Ormarsson**
**Þóra K. Guðjohnsen** **Andrew T. Mitchell**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Þegar andlát ber að höndum*
*önnumst við alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi*



Framúrskarandi fyrirtæki 2013

*Við þjónum allan sólarhringinn*
*Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is*

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.



## HUMARHÁTÍÐ Á HÖFN

Humarhátíð á Höfn verður haldin um helgina. Humarsúpa um allan bæ og glæsileg dagskrá víða í sveitarfélaginu. Humarhátíðin dregur ávallt til sín fjölda gesta og allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.


Meirapróf





ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

Næsta námskeið hefst 2. júlí 2014


# AUKIN ORKA MEÐ HAMPPRÓTEINI

**UPPSKERAN KYNNIR** *Þórunn Stefánsdóttir, einkaþjálfari og heilsuráðgjafi, mælir með hamppróteini fyrir fólk á öllum aldri.*

Uppskeran heilsumarkaður, Skeifunni 3a, er ný verslun þar sem meðal annars er boðið upp á úrval af hampvörum.

„Líkamleg og andleg vellíðan okkar snýst að miklu leyti um það sem við látum ofan í okkur og er hampprótein frábær lausn fyrir þá sem vilja auka orkuna með yfirburða næringu yfir daginn,“ segir Þórunn Stefánsdóttir hjá Uppskerunni.

Hampprótein er svokallað fullkomið prótein þar sem það inniheldur allar amínósýrurnar frá náttúrunnar hendi. Auk þess er það ríkt af ómegafitusýrum og mjög trefjaríkt.

„Þetta er algjörlega óunnin og hrá vara. Hamppróteinið er fengið með kaldvinnslu á hampfræjum sem eru mjög próteinrík og innihalda auk þess fjöldann allan af vítamínum og steinefnum,“ útskýrir Þórunn og bendir sérstaklega á hamppróteinið frá GOOD. „Það er án aukefna, laktósa, kólesteróls og glútens. Það er mjög auðmeltanlegt og hentar því flestum. Það er til dæmis fullkomið fyrir þá sem tileinka sér paleo-lífsstílinn og er einnig vinsælt hjá þeim sem eru grænkerar (vegan),“ segir hún.

Þórunn segir boðið upp á nokkrar tegundir próteindrykkja hjá Uppskerunni. „Fólk getur valið sér tegund eftir því hvaða markmið það setur sér. Hvort sem það er þyngdarstjórnun, vöðvauppbygging, endurhleðsla eða bara almennt hollt og gott mataræði fyrir líkama og sál, þá hentar hamppróteinið okkar vel.“

**HAMPFRÆ, KRYDDUÐ OG ÓKRYDDUÐ, OG HAMPFRÆOLÍA ERU EINNIG Á BOÐSTÓLUM**

„Hampfræolían er bragðgóð með vott af hnetukeim. Hún er mikið notuð út á salatið, pastað og í bústið. Kannski er gaman að segja frá því að hún inniheldur 20 sinnum meira af ómega 3 en ólífuolía og því áhrifarík gegn ýmsum húðvandamálum eins og sóríasis og exemi,“ segir Þórunn.

Hampfræin er hægt að fá hrein eða með nokkrum kryddblöndum. „Þau eru sannkölluð ofurfæða og mjög næringarrík og eru til dæmis góð út á salatið, í chiagrautinn eða hafragrautinn. GOOD-fræin sem við bjóðum upp á hafa notið mikilla vinsælda erlendis, sérstaklega eftir að hafa hlotið alþjóðlegu SIAL Innovation-verðlaunin 2012. Líkja mætti þeim verðlaunum við Óskarsverðlaunin nema bara fyrir matvælaheiminn,“ segir Þórunn og hvetur fólk til að prófa þessar vörur og sjá hvort það finni mun á sér. „Það eru allir velkomnir til okkar í Uppskeruna, Skeifunni 3a!“



**UPPSKERAN** Þórunn hjá Uppskerunni í Skeifunni 3a er einkaþjálfari og heilsuráðgjafi. Hún mælir með hamppróteini fyrir fólk á öllum aldri. MYND/GVA




**OLÍA OG FRÆ** Hampfræolían frá GOOD er bragðgóð með vott af hnetukeim og er notuð eins og hver önnur olía við matargerð. Hampfræin frá GOOD fást hrein eða með kryddblöndum og eru tilvalin í salatið eða í hafragrautinn.

**UPPLÝSINGAR**

Nánari upplýsingar á www.uppskeran.is, www.facebook.com/supersport


ÚTSALAN ER HAFIN

30-50% afsláttur af öllum útsöluvörum





Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is




# TÓLF TEIKNARAR HALDA MARKAÐ

**HELGIN** *Tólf myndskreytar og listamenn sýna og selja verk sín í Hinu húsinu á morgun. Mikil gróska er í myndskreytingum á Íslandi.*



Ég er sjálfstætt starfandi myndskreytir og hönnuður og veit af eigin reynslu að þetta er óttalegt hark. Ég vildi skapa tækifæri fyrir mig og aðra til að sýna fólki hvað við erum að gera og selja vonandi einhver verk,“ segir Fanney Sizemore myndskreytir en hún stendur fyrir myndskreytimarkaði í Hinu húsinu á morgun.

Alls taka tólf myndskreytar og listamenn þátt og segir Fanney grósku í myndskreytisenunni á Íslandi.

„Áður fannst mér myndskreytingar vera dálítið einskorðaðar við barnabækur eða dagblöð, en með tilkomu samskiptamiðla eins og Facebook og Instagram sjást daglega teikningar eftir til dæmis Hugleik Dagsson, Rán Flygenring og Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur. Það leggja líka alltaf fleiri og fleiri hönnuðir og listamenn, sem útskrifast hér á landi, áherslu á myndskreytingar. Einnig er líka orðið vinsælt að kaupa myndskreytingar fyrir heimilið, til dæmis eftirprent í takmörkuðu upplagi. Það er góður kostur fyrir þá sem hafa kannski ekki efni á einstöku listaverki en vilja heldur ekki kaupa fjöldaframleidda mynd úr stórverslun,“ segir Fanney en auk teikninga verða einnig bækur, spil og myndskreyttir hlutir á markaðnum. Fanney lofar frábærri stemningu á morgun.

„Svona uppákoma er líka gott tækifæri fyrir myndskreytana að hittast, kynnast verkum hver annars og hver öðrum. Enda á maður það til að vera að pukra í hver í sínu horninu. Í þetta skiptið er smá „Girl-Power“-fílingur í þessu þar sem einungis konur skráðu sig í þetta skiptið, sem er bara skemmtilegt. Ef þetta gengur vel er alltaf hægt að halda svona markað aftur.“

Markaðurinn hefst í Hinu Húsinu klukkan 13 á morgun, laugardag, og stendur til klukkan 17.




**MYNDSKREYTIMARKAÐUR** Tólf myndskreytar og listamenn sýna og selja verk sín í Hinu Húsinu á laugardag milli klukkan 13 og 17. MYND/GVA

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega. | Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512 5447




Lífið
FÖSTUDAGUR
27. JÚNÍ 2014
Linda Jóhannsdóttir fatahönnuður
PASTELPAPER-MYNDIRNAR ERU VINSÆLAR 2
Sigríður, Lára, Pálína og Vilborg
FJÖLSKYLDUFJÖR Í ÖSKJUHLÍÐ Á SUNNUDAG 8
Andrea Magnúsdóttir fatahönnuður
HANNAÐI HREINDÝR MEÐ EIGINMANNINUM 10
Guðný Gígja og Bjartey
ERU EKKI BARA ANDLIT APPELSÍNS
FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVER ER?



Nafn?
**Sara Lind Pálsdóttir**
Aldur? **24 ára**

**Starf?**
Eigandi/verslunarstjóri í Júník.

**Maki?**
Kristján Karl Þórðarson.

**Stjörnumerki?**
Vatnsberi.

**Hver er statusinn þinn á Facebook?** Gerði síðast status á Facebook í desember í fyrra og hann var: „Svo yndislegt að vera flutt í Bryggjuhverfið með ástinni minni“ .

**Uppáhaldsstaður?**
Los Angeles.

**Við hvað ertu hrædd?**
Drauga.

**Uppáhaldshreyfing?**
Kvöldhlaup.

**Uppáhaldslistamaður?**
Guðmundur Hilmar.

**Hverju ertu stoltust af?**
Júník.

**Uppáhaldsbíómynd?**
Pineapple Express .

**A- eða B-manneskja?**
A-manneskja.

## HVERJIR HVAR?

Það var sannkölluð karnivalstemning í Þingholtsstræti á miðvikudagskvöldið á vegum veitingarstaðarins **Sushisamba**. Fánar, tjöld og dillandi sambatónar frá Loga Pedro Stefánssyni einkenndu fagnaðinn.



Fjöldi fólks lét veður og vind ekki á sig fá og fékk sumarstemninguna beint í æð. **Sigríður Klingenberg** spáði fyrir gestum, Unnsteinn í Retro Stefson lét sig ekki vanta frekar en **Garðar Gunnlaugsson** knattspyrnukappi.



# HÖNNUN ÍSLENSKIR FUGLAR OG TRÓPÍKALSKIR DRAUMAR

*Linda Jóhannsdóttir fatahönnuður gerir illustrations-verk sem hafa vakið mikla athygli á netinu.*

Það er mismunandi hvaðan ég fæ innblástur. Það er bara þessi klassíska klisja, alls staðar og hvergi. Stundum fæ ég flugu þegar ég er í göngutúr eða að fara sofa sem ég þróa svo áfram,“ segir Linda Jóhannsdóttir sem útskrifaðist sem fatahönnuður frá Listaháskóla Íslands vorið 2013.

„Stundum sest ég niður og geri moodboard og stundum teikna ég bara nákvæmlega það sem mig langar til þá stundina. Ég er týpan sem fær leiða á því að gera bara eitt og finnst erfitt að „mega“ ekki gera eitthvað alveg nýtt. Ég ákvað því að gera svona litlar illustrations-línur líkt og í fatahönnun,“ segir Linda sem hefur einbeitt sér að fuglaportrett- og tropic-dream-þema undir nafninu Pastelpaper. Myndirnar eru í takmörkuðu upplagi, númeraðar og áritaðar.

Vegna hópþrýstings segist Linda hafa ákveðið að láta drauminn rætast og opna síðu með verkum sínum þegar hún var í barneignaleyfi og hafa viðbrögðin verið einstaklega góð. „Viðbrögðin hafa verið frábær. Það er mjög mikill áhugi á að fegra heimilið og fólk er mjög opið fyrir nýjungum.“ Myndirnar fást í netversluninni www.snúran.is, á Árbæjar- og minjasafninu og á www.facebook.com/pastelpaper.





Linda Jóhannsdóttir fatahönnuður hefur einbeitt sér að fuglaportrett- og tropic-dream-þema undir nafninu Pastelpaper.







*Viðbrögðin hafa verið frábær. Það er mjög mikill áhugi á að fegra heimilið og fólk er mjög opið fyrir nýjungum.*


ÚTSALAN er hafin
30-50% afsláttur af öllum útsöluvörum



My Style tískuhús
my style
Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464




Erna Tönsberg



Rúnar Ómarsson



Halla Helgadóttir

# NÁM HÖNNUÐIR Í HR

*Opni háskólinn býður upp á nýja námslínu í haust fyrir hönnuði og listafólk.*

„Með þessu námi erum við ekki að reyna að breyta hönnuðum í viðskiptafólk heldur einungis að brúa bilið á milli viðskipta og lista. Hönnun getur verið afar persónuleg og er því oft erfitt að selja sína eigin afurð. Á námskeiðinu fá hönnuðir tæki og tól sem þeir geta nýtt sér til að koma vöru sinni á framfæri og fá tækifæri til að kynnast viðskiptaumhverfinu betur,“ segir Erna Tönsberg, verkefnastjóri námsins sem kennt er í samstarfi við Hönnunarmiðstöð Íslands.

„Við erum að fara að hefja kynningu á náminu. Það eru flottir sérfræðingar að kenna og því verður spennandi að fylgjast með þessu námi þróast. Ég hlakka einnig til að taka á móti hönnuðum hérna í HR,“ segir Erna. Hin nýja námslína hefst í september í Opna háskólanum í HR og er sérstaklega hugsuð fyrir hönnuði og annað listafólk. Námið er kennt tvisvar í viku en farið er yfir helstu þætti við stofnun fyrirtækja, markaðsmál, samningatækni og verkefnastjórnun. Einnig læra nemendur um viðskiptaumhverfi hönnuða, stefnumótun og framleiðslu og útflutning.

Á meðal kennara eru Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Rúnar Ómarsson, stofnandi Nikita Clothing og forstöðumaður sölu- og markaðssviðs Lauf Forks Ltd., og Jón Hreinsson, fjármálastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.


**Lífið**
www.visir.is/lifid
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is
Umsjón **Marín Manda Magnúsdóttir** marin@365.is ● Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is ● Forsíðumynd **Daníel Rúnarsson**


SÉRHÆFÐ FLUGUVEIÐIVERSLUN
SÚ EINA Á LANDINU
LOOP CROSS S1
Stöngin sem breytir leiknum
Sönn ánægja!
...með réttu græjurnar
GUIDELINE
Töskur
Guideline töskur, sniðnar að þörfum veiðimanna – léttar og sterkar
Fyrir allan gírinn – hjólin, fatnaðinn, línurnar, flugurnar....
Core light
Primaloft buxur
Nýjasta snilldin frá Guideline!
NÝTT SUMAR 2014
Korkers
Vöðluskór fyrir allar aðstæður
Frábærir reimalausir vöðluskór, með útskiptanlegum botnum.
NÝTT SUMAR 2014
Haze
Pottþétt hjól
Til í öllum stærðum.
Core light
Primaloft jakki
Hér er jakki frá Guideline sem skákar flestum öðrum í útliti og gæðum. Ný hönnun, nýr litur.
60g PRIMALOFT
hin fullkomna einangrun!
Alta vöðlur
Ný hönnun - 4 laga
Engir saumar, aukin gæði.
Bullet línan
...og þú lengir köstin!
Gerir gæfu muninn í veiðinni.
Flugubarinn
ótrúlegt úrval/topp gæði!
GUIDELINE
LOOP
patagonia
Scott
SAGE
ATLANTIC FLIES
Einarsson
COSTA DEL MAR
Langholtsvegi 111
www.veiðiflugur.is
Sími: 527 1060
hilmar@veidiflugur.is
Veiðiflugur


Irena Sveinsdóttir

# FATASKÁPURINN

## NÁTTSLOPPURINN HENNAR ÖMMU ER DÝRMÆTASTUR

***Hin tvítuga Irena Sveinsdóttir starfar í versluninni Noland á Laugavegi og í Kringlunni. Fataáhuginn hefur aukist til muna eftir að hún byrjaði að starfa í verslun en einnig bloggar hún um ýmsa hluti á www.irenasveins.tumblr.com.***



### 1 BOMBER-JAKKINN

Þessi er alveg fullkominn bomber-jakki, svartur og klassískur. Er búin að nota hann mjög mikið síðan ég eignaðist hann. Hann er úr Top-shop og ég fíla hann svo mikið að ég á hann líka í grænu.



### 2 NÁTTSLOPPURINN

Náttsloppinn átti amma mín en hann er dýrmætasta flíkin í skápnum mínum. Hann er úr silki og ég nota hann bara sem skyrtu, oftast þó við fín tilefni.



### 3 KÍMONÓINN

Hann er úr Aftur á Laugaveginum. Ég fékk hann í útskriftargjöf. Hann er megafínn!



### 4 SKÓRNIR

Kærastinn gaf mér þessa í afmælisgjöf en mig er búið að langa í þessa týpu alltof lengi en aldrei keypt þá. Týpan er Nike Air Huarache. Elska litasamsetninguna og marmaraáferðina.



### 5 HATTURINN

Þennan WoodWood-hatt gaf systir mín mér í afmælisgjöf en við leituðum víða að honum áður en hann fannst, meðal annars í GK Reykjavík en hann var uppseldur þar. Hann var pantaður af sænskri vefsíðu sem heitir Plus Past. Mér finnst hann mega!



### 6 GALLAJAKKINN

Uppáhaldsfatamerkið mitt er KR3W en það hefur hingað til aðeins verið með föt fyrir stráka. Mér til mikillar lukku fann starfsfélagi minn þennan jakka í lagertiltekt í XS og hann smellpassaði. Hann er úr Noland.

**Útsalan er hafin!**
Einnig nýjar vörur frá mamalicious og Form Fix púðinn komin aftur

FRÍ PÓSTSENDING UM ALLT LAND
tvö líf
opið virka daga 11-18
laugardaga 12-17
Holtasmári 1 · © 517 8500
www.tvolif.is
/barnshafandi

# SNYRTIBUDDAN


Kristrún Ösp Barkardóttir

„Mér finnst nauðsynlegt að augabrúnirnar séu fallegar og almennt góð umhirða um húðina þannig að hún sé hrein og falleg. Það finnst mér algjör undirstaða til að líta vel út og svo er hamingja og bros á vör eitthvað sem má taka fram yfir allar frábæru snyrtivörurnar sem til eru," segir Kristrún Ösp Barkardóttir.




**Kinnalitur frá Smashbox** Þennan fékk ég nýlega í gjöf frá systur minni og hef verið háð honum síðan, liturinn er fallega bleikur og sanseraður þannig að hann virkar eins og það sé highlighter í honum. Ýkir kinnbeinin og gefur náttúrulegan blæ.



• **True Match hyljari frá L'Oréal** Þessi hyljari er ótrúlega góður, ég set smá undir augun og þau svæði sem ég vil fá ljósari, hyljarinn heitir True Match og fer vel með meikinu sem ég nota.
Ég kaupi lit nr. 1 og er hann því þó nokkuð ljós.




**Sensei Silk hreinsikrem og andlitskrem frá Kanebo** Hreinsar vel húðina og gerir hana silkimjúka. Kremið er svo einstaklega gott, það er þunnt og fljótt, húðin verður mjúk og ekkert feit af.




**Maskari frá Dior** Maskarinn er einstaklega góður og endist fallega út daginn, hann molnar ekki af augnhárunum og smitast ekki, hann lengir og þykkir hárin. Ég nota augnhárauppbrettara með.




• **Estée Lauder – Double Wear meik** Þetta meik er það besta sem ég hef prófað, það er lyginni líkast hvað það helst vel og óbreytt á, húðin verður jöfn og falleg með réttum lit. Mitt markmið með meiki er að hylja roða og annað í húðinni en samt að andlitið haldist sem náttúrulegast. Þetta meik uppfyllir kröfur mínar eftir langa leit að því sem hentar vel.


Eina sérverslun landsins
með grill og garðhúsgögn
Grillbúðin
Rýmingarsölunni
lýkur á laugardag
Þekktustu
merkin á
einum stað
79.900
FULLT VERÐ
109.900
VELDU
GRILL
SEM ENDIST
OG ÞÚ
SPARAR
weber
LANDMANN
Mikið úrval
Garðhúsgagna
með 30 - 50%
afslætti
Opið laugardaga til kl. 16
Komdu og fáðu ráðleggingar
Grillbúðin
Smiðjuvegi 2, Kópavogi | S. 554 0400 | Við hliðina á BÓNUS | grillbudin.is

# BJARTEY OG GUÐNÝ GÍGJA

## TÓNLISTIN YLJAR FÓLKI UM HJARTARÆTUR

***Bjartey Sveinsdóttir og Guðný Gígja Skjaldardóttir kynntust í kór í Flensborgarskóla. Fljótlega uppgötvuðu þær sameiginlegan áhuga á tónlist og í dag búa þær saman, eru í hljómsveitinni Ylju og tengjast sterkum vináttuböndum. Lífið ræddi við þær um hljómsveitarlífið, framtíðina og appelsínu-auglýsinguna sem sló í gegn.***

„Við búum hérna fjögur saman svo hér er svona samansafn af ýmsu frá mörgum hornum en við eigum þó ekki bókasafnið hér á veggnum sem fylgdi íbúðinni," segir Guðný Gígja Skjaldardóttir þegar blaðamaður tyllir sér í sófann. Risíbúðin er fyllt antíkhúsgögnum sem augljóslega eiga sína sögu og myndarlegt bókasafnið á veggnum vekur strax áhuga. Talið berst að kynnum stelpnanna í Ylju.

**Bjartey:** „Við kynntumst í kór Flensborgarskólans fyrir svona átta árum."

**Gígja:** „Ha? Hvað þykistu eiginlega vera gömul?" segir hún hlæjandi.

**Bjartey:** „Nei hvað, er lengra síðan? Hvað er ég að segja, það var árið 2007 og við vorum í sömu röddinni, öðrum alt."

**Gígja:** „Ég er frá Patreksfirði. Þar var ekki mikið um tónlist svo ég var alltaf í körfubolta. Þegar ég var 16 ára flutti ég að heiman til Reykjavíkur og valdi að fara í Flensborg. Körfuboltinn átti hug minn allan og ég komst í unglingalandsliðið. Tónlistin togaði þó í mig svo að ég skráði mig í kórinn. Stuttu seinna átti ég stund á körfuboltaæfingu sem ég gleymi ekki. Ég horfði á þjálfarann sem stóð yfir okkur með lexíu en það eina sem komst að í huga mínum voru laglínur sem ég raulaði inni í mér. Þá áttaði ég mig á því að söngurinn var að taka völdin og ég hætti í körfubolta fljótlega eftir það. Það var stór ákvörðun á þeim tíma en ég sé ekki eftir því. Síðan langaði mig að taka þátt í söngvakeppninni en var svolítið feimin að gera það ein."

**Bjartey:** „Þá spurði hún mig og ég var til í að taka þátt í keppninni með henni. Við byrjuðum að æfa okkur saman og hittast í þeim tilgangi að æfa lög en urðum mjög góðar vinkonur í kjölfarið. Við enduðum í öðru sæti í keppninni en unnum áhorfendakosninguna með laginu Eyvindur Fjalla."

**Gígja:** „Það lag var einmitt á fyrstu plötunni okkar og við erum enn að syngja það lag. Í raun er það uppáhaldslagið mitt því það hefur svo mikla sögu. Fyrir utan nýja lagið okkar, Fall, sem kemur út innan skamms."

**Bjartey:** „Ég var ekki almennilega inni í íþróttum og sé alltaf eftir því að hafa ekki byrjað í fótbolta. Ég var bara svo rosalega feimin. Ég hef haft meiri áhuga á að dunda mér í föndri og skrifa texta í litlar bækur. Ég bjó til dæmis til ljós úr kaffipokum og svo hef ég smíðað rafmagnsgítar."

### *Eru ekki blóðtengdar*

Báðar eru með uppsett hár og það glittir í líkamsskreytingu á bak við eyru þeirra beggja. Eflaust hafa þær ekki gert sér grein fyrir því en þær klára setningar hvor annarrar og eru mjög svipaðar í fasi. Þó eru þær ólíkar rétt eins og raddirnar sem hljóma svo vel saman. *En hver er sagan á bak við húðflúrin?*

**Gígja:** „Við ákváðum að fá okkur húðflúr á sama tíma þegar við vorum 17 ára gamlar."

**Bjartey:** „Það var svolítið skondið, það var bara vinur okkar úr kórnum sem gerði þau."

**Gígja:** „Já, ætli hann hafi ekki verið búinn að gera eitt húðflúr á ævinni þá. Margir spyrja hvort við höfum verið fullar en nei, okkur langaði bara í húðflúr og þetta varð útkoman," segir hún og glottir. „Ég er með G-lykil sem tengist að sjálfsögðu tónlistinni og Bjartey er með nótu."

**Gígja:** „Ég held að fólk haldi að við séum alveg eins týpur en við erum mjög ólíkir persónuleikar. Við eigum þó mörg sömu áhugamál og höfum svipaðan húmor og fatastíl. Ég er kannski aðeins meiri grenjuskjóða. Ætli fjölskylda mín sé bara ekki ofnæmisgjarnari og tárist þá sérstaklega yfir einhverju fallegu."




**Bjartey:** „Já, þið eruð svolítið þannig í fjölskyldunni. Margir halda að við séum systur eða frænkur því það er margt líkt með okkur."

**Gígja:** „Þetta er svolítið loðið. Maður vill vera einstaklingur og við viljum ekki vera eins en það er bara svo margt sem tengir okkur."

### *Ylja verður að veruleika*

Árið 2008 stofnuðu þær hljómsveitina Ylju sem vakti fljótlega áhuga landsmanna. Í upphafi voru þær tvær og fengu síðan gítarleikarann Smára Tarf til liðs við sig. Hann hefur nú snúið sér að öðru og í dag eru hljómsveitarmeðlimirnir orðnir fimm. „Það voru sögusagnir á kreiki um að önnur okkar hafi átt í ástarsambandi við hann en það er langt frá því. Við erum bara mjög góðir vinir. Örn Eldjárn kom í staðinn fyrir hann á gítarinn og er frábær tónlistarmaður," segir Gígja. „Valgarð Hrafnsson er á bassa. Hann er yngstur í bandinu, nýorðinn 18 ára. Hann er svona polli og við erum systkinabörn. Hann er eiginlega betri gítarleikari en allt annað en okkur vantaði bassaleikara og vildum fá hann í bandið."

**Bjartey:** „Magga Magg kynntumst við í gegnum Smára Tarf þegar við vorum að spila lagið Get Lucky á RÚV. Við vorum alltaf svo hræddar við að fá trommara í bandið og hann er alltaf að færa sig upp á skaftið. Í byrjun var hann bara með djembe sem var mjög þægilegt en nú er hann kominn með fullt trommusett."

Nafnið á bandinu er sérstakt og segjast stelpurnar hafa fundið fyrir pressu að finna nafn fyrir Airwaves-hátíðina.

**Gígja:** „Við vorum ótrúlega lengi að finna eitthvað en eftir að hafa legið yfir orðabókum kom nafnið upp úr þurru. Ylja er svolítið væmið og við sáum smá eftir því seinna en að ylja fólki um hjartarætur með tónlistinni var kannski hugsunin á bak við það. Þetta er sjaldgæft nafn á Íslandi og ég held að þetta sé rússneskt strákanafn."

### *Lærðu gítarleik á YouTube*

Báðar eru sjálflærðar á gítarinn en þær lærðu mest í gegnum YouTube og í gegnum gítarbækur sem voru í eigu móður Bjarteyjar. „Mér fannst rosalega erfitt að fara í þvergripin en ég fór heim eftir skóla á hverjum degi og æfði mig í þrjá klukkutíma í senn. Ég var bara föst við gítarinn. Þess vegna náði ég þessu frekar fljótt," segir Bjartey

*En hvernig skilgreina þær tónlistarstefnu sína?*

**Bjartey:** „Við elskum raddanir og tónlist Simons and Garfunkels hefur veitt mér mikinn innblástur í gegnum tíðina."

**Gígja:** „Já, við höfum einnig hlustað svolítið á Crosby, Stills & Nash. Ég hef alltaf verið mikil þjóðlagakona og það rólega og þægilega heillar mig. Það er erfitt að setja tónlistina okkar í einhvern ramma. Við gerum blandaða tónlist sem er eins konar þjóðlaga- og draumkennt popp. Svo viljum við ekki festa okkur í neinu ákveðnu heldur geta farið í hinar ýmsu áttir."

### *Ný plata í bígerð*

Draumurinn að lifa á tónlistinni blundar í þeim en stúlkurnar í Ylju taka lífinu með miklu jafnaðargeði. Bjartey vinnur á leikskóla á daginn og Gígja vinnur á Kexi Hosteli.

**Bjartey:** „Það væri alveg draumurinn að vinna eingöngu að tónlistinni og við stefnum alveg að því."

**Gígja:** „Það kostar mikið að reka hljómsveit en það er margt fram undan sem við erum spennt fyrir. Einnig höfum við verið að fara út fyrir landsteinana. Í febrúar var það Seattle og í sumar förum við til Eistlands að spila á þjóðlagahátíð á Hiiumaa-eyju."

**Bjartey:** „Fyrstu helgina í júlí erum við að fara að spila á Rauðasandi sem er alveg toppurinn




„Ég mæli með Bio Kult Candéa fyrir skjólstæðinga mína. Síðustu ár hef ég lagt mikla áherslu á að vera í jafnvægi, með góða orku og einbeitningu í lífi og starfi. Ég hef lagt áherslu á að taka inn góða gerla til að viðhalda jafnvægi og orku og hef prófað þá allra bestu hér á markaðinum hverju sinni," segir Sigríður Jónsdóttir, ADHD markþjálfi og fíkniráðgjafi.

„Mér finnst Bio Kult Candéa vera skjótvirkasta varan sem ég hef prófað. Ég mæli með henni fyrir skjólstæðinga mína sem gjarnan eru að glíma við ójafnvægi í lífi sínu."

Bio-Kult
Candéa

LANDSMÓT
HESTAMANNA
Kynningarblað Hestar, mannlíf, verslun, skemmtiatriði, keppni og kynbótasýningar.

# Sannkallað fjölskyldufjör á Hellu

**Rúmlega 800 hestar og yfir tíu þúsund gestir eru væntanlegir á Landsmót hestamanna sem haldið verður á á Hellu dagana 29. júní til 6. júlí. Þar skemmta sér saman ungir sem aldnir enda sönn fjölskylduhátíð fyrir hestafólk og aðra góða gesti.**

Íslenski hesturinn er hluti af íslenskri menningu og samofinn þjóðinni. Landsmót hestamanna er kjörið tækifæri til að fagna íslenska hestinum og halda merki hans á lofti," segir Axel Ómarsson, framkvæmdastjóri Landsmóts hestamanna, en mótið er nú haldið í 21. sinn.

> Íslenski hesturinn er hluti af íslenskri menningu og samofinn þjóðinni. Landsmót hestamanna er kjörið tækifæri til að fagna íslenska hestinum og halda merki hans á lofti.

### Fjölskylduskemmtun

Axel leggur áherslu á að mótið sé síður en svo aðeins ætlað hestafólki. „Þetta er fjölskylduviðburður á Suðurlandi og til dæmis tilvalið fyrir fólk í sumarbústöðum í nágrenninu að renna á Hellu enda leggjum við mikið í hliðardagskrána," segir Axel og bendir þar á heilmikla skemmtidagskrá sem er í gangi, sérstaklega um helgina. „Þá er margt í boði fyrir krakka, húsdýragarður, hestvagn, bingó og barnagarður."

Þá verður fjöldi veitingabása á svæðinu, ýmsar verslanir að ógleymdum fallegum hestum.

### Aldrei fleiri hestar

Yfir átta hundruð hestar taka þátt í mótinu; 280 kynbótahross, 460 gæðingar, 30 sem keppa í tölti og kringum 50 í skeiði.

„Vegna mikils fjölda þurftum við að lengja mótið um einn dag og hefst Landsmótið því á sunnudaginn," útskýrir Axel og bendir á að mótið í ár sé líklega það sterkasta frá upphafi. „Allir sem voru efstir á styrkleikalistum ætla að koma."

### Frábær aðstaða

Axel segir Gaddstaðaflatir henta afar vel til mótahalds. „Svo má segja að við komum með mótið með okkur. Við höfum sett upp tvö 1.200 fermetra tjöld. Annað verður markaðstjald og hitt veitingatjald með sviði. Þá verðum við með hátt í tíu gámahús og klósetthús."

### Erlendir og innlendir sjálfboðaliðar

Undirbúningur landsmótsins hefur staðið yfir í nærri tvö ár. Fjöldi fólks í hestamannafélögum um allt land hefur komið að undirbúningnum en á mótinu sjálfu þarf að sinna á annað hundrað störfum. Í því hlutverki verða bæði starfsmenn landsmóts en einnig sjálfboðaliðar. „Til dæmis eigum við von á um fimmtíu erlendum sjálfboðaliðum frá ýmsum löndum," upplýsir Axel.

### Tíu til fimmtán þúsund gestir

Víst er að nóg verður að gera enda búist við miklum fjölda gesta. „Ekki er gott að áætla fjöldann enda hefur veðrið mikið að segja. Þó má ætla að gestir verði á bilinu tíu til fimmtán þúsund."

Útlendingar eru ávallt áberandi á landsmóti en Axel telur líklegt að þeir verði milli eitt og tvö þúsund að venju. „Þó er ferðamönnum á Íslandi alltaf að fjölga og líklega má gera ráð fyrir að á Suðurlandi verði um 50 þúsund útlendingar á þessum tíma. Við getum því aldrei vitað hve margir þeirra slæðast inn um hliðið," segir hann glettinn.


MYNDIR/LANDSMÓT HESTAMANNA

Nokkur áhersla var lögð á það fyrir mótið að markaðssetja það fyrir útlendinga. „Við vorum með auglýsingaherferð á netinu þar sem við reyndum að ná til þeirra sem voru að bóka flug til Íslands. Margir skoðuðu auglýsingarnar en svo veit maður ekki hvort fólkið skilar sér á mótið."

### Landsmót á skjánum

Í ár verður mun meira framboð fyrir þá sem vilja fylgjast með landsmótinu á skjá. „Við munum streyma í sjónvarp Símans og því verður hægt að fylgjast með báðum völlum allt mótið. Þá verða valdir kaflar í beinni útsendingu á RÚV auk þess sem við streymum líka mótinu fyrir útlendinga," segir Axel en á mótinu sjálfu verður tæknin nýtt til hins ýtrasta með LED-skilti og risaskjá.


Axel Ómarsson, framkvæmdastjóri Landsmóts hestamanna, segir mótið henta fólki á öllum aldri, jafnt hestafólki sem öðrum.




# Nýtur þess að vera með hestunum

Stefán Pálsson, fyrrverandi bankastjóri Búnaðarbankans, hefur verið hestamaður frá unglingsaldri. Hann hefur sótt öll Landsmót hestamanna frá árinu 1962 þegar það fór fram á Skógarhólum.

Stefán var 28 ára þegar hann fór á fyrsta Landsmót hestamanna en hann verður áttræður síðar á þessu ári. „Ég hef alla tíð haft gaman af hestum og hef átt hesta frá unglingsaldri," segir Stefán sem var alinn upp í Norður-Þingeyjarsýslu og foreldrar hans voru með hesta. „Á þeim tíma voru ekki margir sem stunduðu hestamennsku. Foreldrar mínir áttu gæðahross og ég var ungur farinn að stússast í hestamennskunni. Fljótlega eftir að ég flutti til Reykjavíkur eignaðist ég hesta og hef alla tíð verið með þá," segir Stefán sem sat í stjórn Landssambands hestamanna í átta ár og var formaður í fimm ár frá árinu 1981 til 1986.

### Frjálsleg mót

Stefán segir að margt hafi breyst á landsmótum frá fyrri tímum. „Það hefur orðið mikil þróun í allri umgjörð. Fyrstu landsmótin voru frjálsleg en menn reyndu að gera sitt besta. Það voru hins vegar engir vellir. Núna er gerð krafa um vandaða velli. Menn kepptu í reiðmennsku og einnig voru sýningar á hestum. Fyrst og fremst voru þetta kappreiðar en þær hafa orðið færri í seinni tíð. Í dag er meira lagt upp úr sýningum á kynbótahrossum og alhliða gæðingum."

Stefán ætlar ekki að missa af Landsmóti hestamanna þetta árið og hlakkar mikið til að fara. „Maður hittir margt gott fólk og þetta er afskaplega skemmtileg samkoma."

### Yfir Kjöl og Sprengisand

Fjölskylda hans er með 14 hesta og Stefán reynir að komast í hesthúsin daglega. „Ég hef enn þá ánægju af því að fara á bak. Hestamennskan gerir manni gott. Maður nýtur þess að vera með skepnunum og í góðum félagsskap við aðra hestamenn. Hestamennskan er alhliða grein sem sameinar fólk á öllum aldri. Yngsta dóttir mín hefur erft þennan áhuga og er dugleg að hugsa um hrossin. Eiginkona mín, Arnþrúður Arnórsdóttir, hefur líka alltaf verið með mér í hestamennskunni og við förum á hverju ári í hestaferðir. Við förum með vinahópi þvert yfir landið, allt upp í þriggja vikna til mánaðarferðir. Það var mjög skemmtilegt. Maður nýtur þess að sjá landið með öðrum augum en þegar ferðast er í bíl og kynnist náttúrunni á allt annan hátt. Við gistum í skálum á leiðinni. Við förum mörgum sinnum yfir Kjöl norður í Þingeyjarsýslu og yfir Sprengisand. Hestarnir hafa alltaf skipað stóran sess í mínu lífi," segir Stefán. „Við skipuleggjum hestaferðir með löngum fyrirvara til að fá skálapláss og girðingar fyrir hestana. Það þarf fyrirhyggju til að undirbúa svona ferðir."



Stefán Pálsson, fyrrverandi bankastjóri, og eiginkona hans, Arnþrúður Arnórsdóttir, hafa ferðast um allt land á hestum í gegnum árin og notið náttúrunnar á annan hátt en þeir sem ferðast akandi. MYND/ARNÞÓR

### Dreifði huganum

Þegar Stefán er spurður hvort landsmótum fylgi ekki mikið fyllerí, segir hann svo ekki vera. „Það var meira um það áður fyrr. Kannski hefur verið of mikið gert úr drykkjuskap og mér finnst hann ekki áberandi. Við höfðum til dæmis þá reglu að nota aldrei vín í okkar ferðum um landið," segir hann.

Stefán var lengi bankastjóri Búnaðarbankans sem var krefjandi starf. Hann segir að það hafi verið góð hvíld að fara á hestbak eftir vinnu. „Það dreifði huganum og losaði mig við allt stress."



Stefán á baki. Hann hefur alla tíð verið með hesta og nýtur þess að stússast með þeim.








Kjartan Marinó Kjartansson sér um að gestir Landsmótsins verði ekki svangir en hann hefur umsjón með matseld á mótinu. MYND/GVA

## *Innkaup fara eftir veðri*

Kjartan Marinó Kjartansson matreiðslumaður ber hitann og þungann af því að fæða landsmótsgesti. Undirbúningur hefur staðið yfir í á þriðju viku. „Við hjá Grillhúsinu verðum með matseðil sem inniheldur hamborgara og fleira af matseðli Grillhússins. Einnig verðum við með heimilislegri mat eins og hægeldaða grísaskanka, kjúklingabringur með rúkólapestói, steiktan fisk og ýmislegt fleira."

„Það er nánast vonlaust að vita hve margir eiga eftir að borða hjá okkur. Í Víðidalnum árið 2012 komu á milli sex og sjö þúsund manns til okkar en í ár gætu það orðið á bilinu tíu til fjórtán þúsund. Við rennum í rauninni svolítið blint í sjóinn með þetta en veðrið segir mjög mikið til um hve margir mæta, innkaupin hjá mér fara alveg eftir veðri," segir hann og hlær.

Hann segir að nákvæmur fjöldi skipti þó ekki svo miklu máli ef undirbúningurinn er góður. „Ég er búinn að gera plan fyrir hvern dag og fæ vörur á hverjum degi. Ef það er minna að gera einhvern daginn en ráð var gert fyrir þá sleppi einfaldlega pöntun daginn eftir. Ef meira verður að gera en efni standa til verða allir birgjar á tánum og mæta með það sem vantar hvenær sem er, ég gæti til dæmis hringt á miðnætti og fengið vöruna strax klukkan átta daginn eftir. Það er vissulega í mörg horn að líta en þetta verður æðislega gaman."

Tólf manns verða við störf í eldhúsi Landsmóts þegar álagið verður hvað mest. Hluti af starfsfólkinu fór austur í gær. „Það er gríðarleg skipulagning sem stendur að baki. Það þarf að setja upp fullkomið eldhús í tjaldi á staðnum, græja tæki og tól austur, hráefnið fer í dag og svo verður þetta keyrt í gang á sunnudag. Það verður mikið álag á starfsfólki á meðan á þessu stendur, þetta verður bara vertíð, en þetta verður líka mjög gaman. Það er strax komin stemning í starfsfólkið og við hlökkum til."

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Kolbeinn Kolbeinsson, s. 512 5447, kkolbeins@365.is
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.




# Snjallsíminn verður þarfasti þjónninn á Landsmótinu

siminn.is/landsmot

**Landsmótsrásin í Sjónvarpi Símans**
Landsmót hestamanna verður haldið á Hellu 30. júní til 6. júlí. Með áskrift að Landsmótsrásinni í Sjónvarpi Símans getur þú fylgst með mótinu í beinni útsendingu alla mótsdagana, hvort sem er heima í sófa eða á 4G kerfi Símans í brekkunni á mótinu sjálfu.

Á Landsmótsrásinni í Sjónvarpi Símans getur þú flakkað á milli beinnar útsendingar frá tveimur völlum, auk þess að skoða margvíslegt ítarefni, s.s. raunveruleikaþáttinn „Leiðin á Landsmótið" og svo getur þú skoðað allar útsendingar sólarhring aftur í tímann.

Tryggðu þér áskrift og sjáðu m.a. kynbótahrossin og skeiðið á Landsmótsrásinni í Sjónvarpi Símans. **Þú getur keypt áskrift að Landsmótsrásinni á Þjónustuvef Símans eða með því að hringja í síma 8007000.**




ENNEMM / NM63327

## SKEMMTIDAGSKRÁ FYRIR UNGA SEM ALDNA

**Fjölmargt verður** í boði fyrir alla fjölskylduna á Landsmóti hestamanna. Yngstu meðlimirnir geta til dæmis fengið að fara í hestvagn sem verður á svæðinu alla daga. Þá verður Barnagarðurinn opinn alla daga en þar má finna alls kyns skemmtileg leiktæki. Húsdýragarður verður opinn með ýmsum skemmtilegum dýrum og þá verður boðið upp á bingó fyrir þá sem þykir það skemmtilegt.

Á þriðjudag og laugardag klukkan 14 verður fjárhundasýning sem er afar skemmtilegt að fylgjast með. Þá mætir Sprengjugengið á svæðið á laugardaginn og fremur ýmsar skemmtilegar tilraunir.

Barnasöngvakeppni verður síðan á laugardeginum og örugglega margir ungir og hæfileikaríkir krakkar sem hlakka til að taka þátt í því.

**Skemmtidagskráin fyrir** eldri kynslóðina er heldur ekki af verri endanum. Á fimmtudagskvöldið er setningarathöfn landsmótsins. Eftir það spila þeir Gunni Óla og Hebbi úr Skítamóral.

Á föstudaginn spila Eiki Hafdal og Steini trúbador nokkrum sinnum yfir daginn í veitingatjaldinu en Sniglabandið leikur fyrir dansi um kvöldið.

Á laugardaginn er komið að Sverri Bergmann og Halldóri Fjallabróður en síðla kvölds taka við Hreimur & Made in Sveitin sem leika fyrir dansi ásamt söngvaranum Eyþóri Inga.







### RÚV SÝNIR BEINT FRÁ LM

**RÚV og** Landsmót hestamanna hafa samið um útsendingarrétt frá mótinu og mun RÚV sýna stóran hluta dagskrárinnar í beinni útsendingu, auk þess sem valdir liðir verða endursýndir.

Eftirtaldir liðir verða sendir út hjá RÚV. Hafið í huga að RÚV1 er aðalrás og RÚV2 er íþróttarás. B er beint og E er endurtekið.

**Fimmtudagur 3. júlí**
17.30 Forkeppni í tölti, RÚV2 B
20.30 Setningarhátíð, RÚV2 B

**Föstudagur 4. júlí**
17.40 B-úrslit, A flokkur, RÚV2 B
19.45 Ræktunarbú, RÚV2 B
21.45 B-úrslit, tölt, RÚV2 B

**Laugardagur 5. júlí**
12.40 B-úrslit, A flokkur, RÚV1 E
13.10 B-úrslit, tölt, RÚV1 E
13.00 A-úrslit, börn, RÚV2 B
16.30 A-úrslit, ungmenni, RÚV2 B
19.00 Ræktunarbú – úrslit, RÚV2 B
20.00 A-úrslit, tölt, RÚV2 B
21.05 A-úrslit, A flokkur, RÚV2 B

**Sunnudagur 6. júlí**
10.30 A-úrslit, unglingar, RÚV2 B
12.00 100 m skeið, RÚV1 B
12.45 A-úrslit, tölt, RÚV1 E
13.25 A-úrslit, A flokkur, RÚV1E
14.15 A-úrslit, B flokkur, RÚV1 B

Hægt verður að fylgjast með útsendingum í gegnum vefinn, á www.ruv.is/ruv og www.ruv.is/ithrottaras.

Einnig verður RÚV með innslög frá mótinu í íþróttafréttum meðan á mótinu stendur, auk þess sem unninn verður sérstakur þáttur um Landsmót til sýningar síðar á árinu.

Umsjónarmenn með umfjöllun RÚV eru þau Hulda G. Geirsdóttir, sem mun sjá um beinar lýsingar og dagskrárgerð, og Óskar Nikulásson sem stýrir útsendingum.



*Bústólpi framleiðir fóður fyrir nautgripi, sauðfé, svín, hross, varp- og alifugla.*

*Auk þess býður Bústólpi til sölu úrval af áburði, sáðvöru og öðrum vörum tengdum fóðrun og jarðrækt.*

Bústólpi
FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Bústólpi ehf · Oddeyrartanga · 600 Akureyri · Sími 460 3350 · www.bustolpi.is

*Fyrst vorum við svolítið hrædd- ar við þessa aug- lýsingu. Þeir vildu nota lagið okkar og svo vildu þeir að við myndum leika í auglýsing- unni og þá vorum við ekki alveg vissar því við vildum ekki vera þekktar sem and- lit appelsíns.*

## Myndaalbúm





Gígja, Bjartey, Svanhvít Sjöfn og Pálmi Snær á góðri stundu á Rock Werchter í Belgíu sumarið 2012. Mikið fjör að syngja á tónleikum með Helga Björns og Reiðmönnum vindanna í Eldborg fyrir stuttu. Stundum eru kósí kvöld hjá vinkonunum. Heimatilbúinn maski og gúrkur í nebbann.

á sumrinu fyrir okkur. Annars erum við að semja nýtt efni fyrir komandi plötu. Fyrsta breiðskífan okkur, sem var samnefnd hljómsveitinni, var öll á íslensku en sú næsta verður eflaust meira blönduð þar sem við syngjum einnig á ensku. Það má þó kannski ekki segja of mikið,“ segir hún og gjóar augunum til Gígju. „Á fyrri plötunni sömdum við öll lögin sjálfar en núna eru strákarnir að taka mikinn þátt í hugmyndavinnunni og textaumgjörðinni.“

### Búa með umboðsmanninum

Stelpurnar búa saman með Hlyni, kærasta Bjarteyjar, og umboðsmanninum, Ásgeiri Guðmundssyni. „Áður bjuggum við bara tvær saman, vorum saman í herbergi og ég var oft að vakna við Bjarteyju á nóttunni. Hún talar svo mikið upp úr svefni. Ég ætlaði að vera með bók og skrá niður það sem kom upp úr henni en svo er maður sjálfur svo svefndrukkinn að aldrei varð úr því. Einu sinni hrópaði hún; Tveir fyrir einn, tveir fyrir einn, eflaust verið nýkomin af djamminu,“ segir Gígja og þær hlæja.

*En getur ekki stundum verið erfitt að búa saman og vera saman í hljómsveit?*

**Bjartey:** „Nei, það gengur mjög vel og við rífumst aldrei. Að sjálfsögðu hefur maður stundum áhuga á að vera í friði inni í herberginu sínu og þá er alveg tekið tillit til þess. Þetta hefur gengið ótrúlega vel og við ætlum að njóta þessa lífs á meðan kostur er.“

**Gígja:** „Við munum ekki búa saman að eilífu en þetta hentar okkur mjög vel núna. Við erum ekki endilega öll heima á sama tíma svo við fáum öll okkur næði. Svo er bara gaman að búa svona ódýrt alveg í miðbænum. Umboðsmaðurinn okkar býr með okkur og það er mikill munur að vera komin með umboðsmann sem sinnir sínu starfi mjög vel. Nú er hann í London að vinna hjá One Little Indian og er að gera góða hluti fyrir okkur.“

### Slógu í gegn í appelsínauglýsingu

198 kr. kg.
FRÁ SPÁNI: Rauð vatnsmelóna
Doritos
195 kr. 170g
Doritos allar gerðir 170g
398 kr 200g
BÓNUS Spínat 200G
pepsi
195 kr. 2 ltr.
Bónus samloka
NÝJAR Á FÖSTUDÖGUM
HEINZ TOMATO KETCHUP
159 kr 570g
HM
249 kr 175g
Voga HM ídýfan 175g
MÁNUDAGA
MIÐVIKUDAGA
FÖSTUDAGA
198 kr. STK.
NÝJAR BÓNUS SAMLOKUR
Cronions
119 kr 100g
Steiktur laukur 100g
HEIMILIS BRAUÐ
239 kr. 770g
Bónus Heimilisbrauð 770g
BÓNUS NÝBAKAÐ
198 kr. 4 stk.
Bónus nýbakaðar Mjúkar kringlur
Egils PILSNER
79 kr. 500ml
Mountain Dew
Egils APPELSÍN
mix
75 kr. 330ml
pepsi MAX
pepsi
7UP
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

SAMbio.is

MARK WAHLBERG OG MICHAEL BAY HAFA SAMEINAÐ KRAFTA SÍNA Í STÆRSTU MYND SUMARSINS!

THIS IS NOT WAR, IT'S EXTINCTION
TRANSFORMERS AGE OF EXTINCTION

MALEFICENT
DREKANN 2
SANDLER BARRYMORE BLENDED
FRÁBÆR RÓMANTÍSK GAMANYND
LIVE. DIE. REPEAT. TOM CRUISE EMILY BLUNT EDGE OF TOMORROW

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA
TRANSFORMERS 4 KL. 3D: 4:40 - 6:30 - 8 - 10:10 - 11:15 2D: 10:20 (12)
TRANSFORMERS 4 VIP 2D KL. 4:40 - 8 - 11:15
AÐ TEMJA DREKANN SINN 2 ÍSLTAL KL. 3D: 4:10 2D: 3:40 - 5:50 (L)
MALEFICENT 2D KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 (10)
BLENDED KL. 5:30 - 8 - 10:30 (10)
EDGE OF TOMORROW 2D KL. 8 (14)
FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 300 KR.
JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSLTAL 2D KL. 3:30 (L)

SAMBÍÓIN AKUREYRI
TRANSFORMERS 4 KL. 3D: 5 - 8:30 2D: 10:20 (12)
MALEFICENT 2D KL. 5:50 (10)
EDGE OF TOMORROW 3D KL. 8 (14)

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
TRANSFORMERS 4 KL. 3D: 6:30 - 8 - 10 2D: 4:40 - 9 (12)
AÐ TEMJA DREKANN SINN 2 ÍSLTAL 2D KL. 4:30 (L)
BLENDED KL. 5:30 (10)
MALEFICENT 2D KL. 6:50 - 8 (10)
EDGE OF TOMORROW 2D KL. 10:10 (14)

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI
TRANSFORMERS 4 3D KL. 6 - 9:10 - 10:10 (12)
MAKE YOUR MOVE KL. 5:40 - 8 (7)
MALEFICENT 2D KL. 5:50 - 8 (10)
GODZILLA 2D KL. 10:20 (12)

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK
TRANSFORMERS 4 KL. 3D: 6 - 9:15 2D: 10:10 (12)
AÐ TEMJA DREKANN SINN ÍSLTAL 2D KL. 5:50 (L)
22 JUMP STREET KL. 8 (12)

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

THIS IS NOT WAR, IT'S EXTINCTION TRANSFORMERS AGE OF EXTINCTION
WELCOME TO NEW YORK ★★★★ „ÉG GAPTI AF UNDRUN!“ - GUARDIAN
★★★★ -T.V., BIOVEFURINN.IS
★★★★ -DV S.R.S
X-MEN
★★★★ -FRÉTTABLAÐIÐ

SMÁRABÍÓ 5%
TRANSFORMERS 2D KL 4 (12)
TRANSFORMERS 3D KL 8 - 10.30 (12)
TRANSFORMERS 3D LÚXUS KL 5 - 9 (12)
AÐ TEMJA DREKANN 2 2D ÍSL TAL KL 3.30 - 5.45 (L)
AÐ TEMJA DREKANN 2 3D ÍSL TAL KL 3.30 - 5.45 (12)
22 JUMP STREET KL 5.30 - 8 - 10.40 (12)
FAULT IN OUR STARS KL 8 (12)
TÖFRALANDIÐ OZ 2D ÍSL TAL KL 3.30 (L)
X-MEN 3D KL 10.40 (12)
VONARSTRÆTI KL 8 (14)

HÁSKÓLABÍÓ 5%
WELCOME TO NEW YORK KL 8 - 10.40 (16)
AÐ TEMJA DREKANN 2 2D ÍSL TAL KL 5.45 (L)
TRAIN...DRAGON 3D ENS.TAL ÓTEXT. KL 8 - 10.15 (L)
22 JUMP STREET KL 8 - 10.30 (12)
GRACE OF MONACO KL 5.40 (7)
FAULT IN OUR STARS KL 5.20 (12)
VONARSTRÆTI KL 5.20 - 8 - 10.40 (14)

Miðasala á: eMiði
Kauptu miða á X-Men með Netgíró

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

LAUGARÁSBÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI
TRANSFORMERS POWERSÝNING KL. 10:10
ÍSL TAL DREKANN 2
BRICK MANSIONS
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar
TRANSFORMERS 3D 4, 7, 8, 10:10(P) (12)
TEMJA DREKANN SINN 2D 4:30 (L)
BRICK MANSIONS 11:10 (12)
22 JUMP STREET 8 (12)
MILLIOM WAYS, DIE WEST 10:20 (16)
VONARSTRÆTI 5 (14)

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

# Koddaslef og kynlífsherbergi

BAKPANKAR
Kolbeins Tuma Daðasonar



Þetta gæti ég til dæmis aldrei gert," sagði vinnufélagi minn í gær þegar ég lýsti fyrir honum gistiaðstæðum mínum í Montreal á dögunum. Ein stelpa af fimm sem leigðu íbúð var að heiman þá helgina og fengum við vinirnir að gista í rúminu hennar fyrir örfáa dollara. Rúmfötin voru notuð og gáfum við okkur tíma til að dusta óútskýrðan sand af rúminu áður en við lögðumst til hvílu.

**SAMI** kollegi rifjaði upp sumarbústaðaferð þar sem gist var á dýnum. Vopnaður laki og svefnpoka lagðist hann til hvílu á dýnu en brá heldur betur þegar vinur hans, sem gleymt hafði lakinu, opnaði svefnpokann, lagðist á dýnuna eldgömlu á nærfötum einum klæða og greip í kodda sem guð má vita hver hafði slefað síðast á. Sá sofnaði á undan.

**FYRIR** sjö árum var aðstaðan á hosteli nokkru í Vancouver reyndar sögulega skelfileg. Uppbókað var á öll hefðbundin hostel í borginni þegar við duttum niður á eitt með ótrúlega lágt verð. Tíu dollarar yfir þrjár nætur. Skiptar skoðanir voru um hostelið á rýnissíðum á netinu en heilt yfir var niðurstaðan: „Þú borgar fyrir það sem þú færð."

**SNAKKLEIFAR** á rúminu, dýna í plasti, fólk reykjandi gras, fjögurra strengja gítar og kynlífsbann í herbergjum – aðeins mátti stunda kynlíf í svonefndum kynlífsherbergjum sem við reyndar börðum aldrei augum. Allir komum við samt aftur, enginn dó og sparaðir þúsundkallar fóru meðal annars í forláta rauða hettupeysu úr Zöru sem enn þann dag í dag eru líklega bestu kaup ævi minnar.

**ÞAÐ** er ekki svo að ég njóti þess að gista við aðstæður sem þessar en ég get samt látið mig hafa það. Á meðan ég, með mitt skoska blóð, veit að ég er að spara mér þúsundkallana, gegn því að þurfa að sætta mig við vita bágborna og ógeðslega svefnaðstöðu, þá læt ég mig hafa það. Nokkrir bjórar að kvöldi og sturta morguninn eftir hjálpar til.

# Stanslaust stuð í sirkus

Frumsýning Sirkuss Íslands í nýju tjaldi þeirra, Jöklu, fór fram síðastliðinn miðvikudag og að sögn viðstaddra var gríðarleg spenna og gleði meðal gesta. Sirkustjaldið er hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og eftirvæntingin var því mikil.



**BLESSUÐ BÖRNIN** Mikil trúðslæti voru í sirkustjaldinu og þótti yngri áhorfendunum það ekki leiðinlegt.



**BROSANDI BORGARSTJÓRI** Dagur B. Eggertsson skemmti sér stórkostlega á sirkusnum.



**HOPPANDI KÁTUR** Páll Óskar var einn af fyrstu áhorfendunum og hljóp inn til að fá gott sæti.

BÍÓ★PARADÍS EUROPA CINEMAS
MONICA Z
SHORT TERM 12
SUMMER IN BÍÓ★PARADÍS COOL CUTS SIX SELECTED ICELANDIC FILMS. ENGLISH SUBTITLES.
SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas




Rýmingarútsala
á völdum
Serta rúmum

# LAGERHREINSUN

## 20%–70% AFSLÁTTUR





Einnig bjóðum við
**10%–50% AFSLÁTTUR**
Af völdum
sýningarhúsgögnum
í verslun

## Rýmum fyrir nýjum vörum!

Frábær húsgögn fyrir heimilið og í sumarbústaðinn.

**Tungusófar, hornsófar, hægindasófar, hægindastólar, rúm, rúmgaflar, ljós, borð, sjónvarpsskenkar, sængur, koddar, náttborð, stakir stólar, sófar, sófaborð...**

**...og margt, margt fleira**

LAGERHREINSUN
HLÍÐASMÁRA 1

**Opið:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-16**

## Lagerhreinsun lýkur mánudaginn 30. júní

Komdu í heimsókn og gerðu góð kaup

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD

# SPORT

## HM Í FÓTBOLTA



Riðlakeppninni á HM lauk í gær og nú er ljóst hvaða þjóðir mætast í sextán liða úrslitunum sem hefjast á morgun. **Cristiano Ronaldo** og félagar í Portúgal urðu í gær þriðja Evrópuliðið til að vera á heimleið eftir riðlakeppnina á HM í Brasilíu þrátt fyrir að hafa komist í undanúrslit EM fyrir tveimur árum. Evrópumeistarar Spánar og silfurlið Ítalíu sátu einnig eftir í sínum riðlum.

Fjórar aðrar Evrópuþjóðir eru líka á heimleið (Króatía, England, Bosnía og Rússland) sem þýðir að aðeins sex af þrettán Evrópuþjóðum komust í sextán liða úrslitin sem hefjast með leik Brasilíu og Síle.

**Vísir** Allt um HM á Vísi

## STJARNA GÆRDAGSINS

**Thomas Müller** skoraði sigurmark Þjóðverja á móti Bandaríkjamönnum á HM í gær og er markahæstur á HM 2014 með fjögur mörk ásamt Neymar frá Brasilíu og Lionel Messi frá Argentínu. Müller er nú kominn með níu HM-mörk og er hann fjórði yngsti leikmaðurinn til að skora níu HM-mörk á eftir þeim Eusebio frá Portúgal, Gerd Müller frá Þýskalandi og Sandor Kocsis frá Ungverjalandi.



**Thomas Müller**
**Þýskalandi.**

## Aron hefur ekki fengið tækifæri í síðustu tveimur leikjum

**Aron Jóhannsson** kom ekkert við sögu þegar Bandaríkin töpuðu fyrir Þýskalandi, 1-0, í lokaumferð G-riðils á HM í gær. Þetta er annar leikurinn í röð sem Aron er negldur við tréverkið allar 90 mínúturnar, en hann hefur ekki fengið traustið síðan hann kom snemma inn á fyrir Jozy Altidore í fyrsta leik Bandaríkjanna. Þrátt fyrir tapið komust Bandaríkin áfram í 16 liða úrslitin.



# Bannið bítur Liverpool

Luis Suárez mætir aftur á völlinn í lok október.

**FÓTBOLTI** Úrúgvæska landsliðið og Liverpool verða án síns besta leikmanns, Luis Suárez, um langt skeið. Hann var úrskurðaður í fjögurra mánaða bann frá fótbolta í gær af alþjóða knattspyrnusambandinu, FIFA. Bannið er vitaskuld til komið vegna þess að Úrúgvæinn beit Giorgio Chiellini, varnarmann Ítalíu, í öxlina í leik liðanna á HM.

Suárez verður ekki bara í banni með landsliðinu heldur úrskurðaði FIFA hann í algjört bann frá æfingum og keppni með félagsliði sínu Liverpool.

Hann missir af fyrstu níu umferðum ensku úrvalsdeildarinnar, fyrstu þremur umferðum riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu og fyrstu tveimur umferðum enska deildabikarsins. Í heildina er bannið með Liverpool 14 leikir, komist liðið í gegnum fyrstu umferð deildabikarsins.



**BANN** Luis Suárez verður lengi frá keppni vegna bannsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Samtals er bann Suárez 23 leikir ef landsleikir eru teknir með en þátttöku hans á HM er augljóslega lokið. „Okkur líður eins og sé verið að sparka okkur út úr heimsmeistarakeppninni,“ sagði Wilmar Valdéz, forseti knattspyrnusambands Úrúgvæs í gær, en sambandið er búið að áfrýja dómnum.

-tom

## MÍNÚTUHÆSTU VARNARMENN FH Í PEPSI-DEILD KARLA Í SUMAR



**JÓN RAGNAR JÓNSSON**
**29 ára bakvörður**
**2013:** 16 leikir með FH í fyrra
**2014:** 8 leikir - 583 mínútur
**2 mörk hjá mótherjum FH**
**292 mínútur milli marka**



**SEAN REYNOLDS**
**24 ára bandarískur bakvörður/miðvörður**
**2013:** Kom frá Bandaríkjunum.
**2014:** 5 leikir - 377 mínútur
**2 mörk hjá mótherjum FH**
**189 mínútur milli marka**



**PÉTUR VIÐARSSON**
**27 ára miðvörður**
**2013:** 11 leikir með FH í fyrra
**2014:** 8 leikir - 810 mínútur
**3 mörk hjá mótherjum FH**
**270 mínútur milli marka**



**KASSIM DOUMBIA**
**24 ára malískur miðvörður**
**2013:** Kom frá Belgíu
**2014:** 8 leikir - 698 mínútur
**2 mörk hjá mótherjum FH**
**349 mínútur milli marka**



**BÖÐVAR BÖÐVARSSON**
**19 ára bakvörður**
**2013:** 1 leikur með FH í fyrra
**2014:** 8 leikir - 587 mínútur
**2 mörk hjá mótherjum FH**
**294 mínútur milli marka**

# Ekki betri vörn í 26 ár

FH-ingar hafa aðeins fengið á sig þrjú mörk í fyrstu níu leikjunum í Pepsi-deild karla en síðustu þrjá áratugi hafa aðeins tvö önnur lið náð slíkum árangri.

**FÓTBOLTI** FH-ingar eru með tveggja marka forystu á toppi Pepsi-deildar karla þegar níu umferðir eru að baki og geta fyrst og fremst þakkað það þéttum varnarleik liðsins en markvörðurinn Róbert Örn Óskarsson hefur aðeins þurft að sækja boltann þrisvar sinnum í netið á fyrstu 810 mínútum tímabilsins.

FH hefur enn ekki tapað leik í deildinni í sumar en hefur gert jafntefli í öllum þremur leikjum sínum þar sem Hafnfirðingar hafa fengið á sig mark. FH hefur því unnið alla sex leikina þar sem liðið hefur haldið hreinu, þar af fjóra þeirra 1-0. FH-ingar eru því á toppnum þrátt fyrir að hafa aðeins skorað meira en eitt mark í tveimur af níu leikjum sínum.

Það þarf að fara alla leið til ársins 1988 til að finna betri byrjun í varnarleik í efstu deild en Fram fékk aðeins á sig tvö mörk í fyrstu níu leikjunum 1988. FH hefur jafnað afrek ÍA frá 1995 en Skagamenn fengu þá líka aðeins þrjú mörk á sig. Bæði Framliðið frá 1988 og ÍA-liðið frá 1995 en Íslandsmeistarar með sannfærandi hætti.

Fimm leikmenn hafa oftast nær skipt með sér leikstöðunum fjórum í varnarlínu FH-liðsins í sumar en Hafnarfjarðarliðið missti fyrirliðann, Guðjón Árna Antoníusson, í meiðsli eftir aðeins tvo leiki. Bandaríkjamaðurinn Sean Michael Reynolds hefur leyst af bæði sem bakvörður og miðvörður en samkvæmt tölfræðinni er besta varnarlína FH í sumar þegar Jón Ragnar Jónsson og Böðvar Böðvarsson spila í bakvörðunum og þeir Pétur Viðarsson og Kassim Doumbia eru miðverðir. Þessi varnarlína hefur spilað saman í 249 mínútur í Pepsi-deildinni í sumar og ekki enn fengið á sig mark.

Mest munar um Malímanninn Kassim Doumbia en það hafa liðið 349 mínútur milli marka hjá mótherjum FH þann tíma sem hann hefur verið inni á vellinum. Doumbia kom til liðsins fyrir tímabilið og er mikill happafengur fyrir Heimi Guðjónsson.

FH-ingar leika sinn tíunda leik í kvöld þegar þeir fá Valsmenn í heimsókn í Kaplakrika en á sama tíma spila Fram og Stjarnan í Laugardalnum. Lið ÍA frá 1995 og lið Fram frá 1988 héldu bæði hreinu í tíunda leik sínum.

ooj@frettabladid.is



**HREINT MARK Í SEX LEIKJUM** Róbert Örn Óskarsson, markvörður FH.

**Fæst mörk á sig í fyrstu níu leikjunum 1977-2014:**

**2 MÖRK Á SIG**
Fram 1988

**3 MÖRK Á SIG**
FH 2014
ÍA 1995

**4 MÖRK Á SIG**
Valur 2011
ÍA 1994
KR 1991
Valur 1989
Valur 1986
KR 1982
Breiðablik 1981
KR 1979

**FH-metið:**

**3 MÖRK Á SIG**
2014

**5 MÖRK Á SIG**
1994, 2005 og 2006

**6 MÖRK Á SIG**
2001 og 2009


## Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi flugþjónustusvæðis á Keflavíkurflugvelli

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar auglýsir hér með í samræmi við 1. mgr. 43. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu deiliskipulags á flugþjónustusvæði Keflavíkurflugvallar. „Keflavíkurflugvöllur – Flugstöðvarsvæði, svæði F og H“.

Breytingin tekur til lóðar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Svæði F og H eru sameinuð, byggingarreitur flugstöðvar er stækkaður og nýtingarhlutfall hækkað. Bílastæðum er fjölgað og gatnakerfi er breytt. Í skilmálahefti eru gerðar leiðréttingar á stærðum er varða svæði F.

Breytingartillaga þessi verður til sýnis á skrifstofu skipulagsfulltrúa Keflavíkurflugvallar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og á heimasíðu Keflavíkurflugvallar **(http://www.kefairport.is/Flytileidir/Um-felagid/Skipulagsmal/)** frá og með 27. júní 2014.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta gefst kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til að gera athugasemdir rennur út 8. ágúst 2014. Skila skal skriflegum athugasemdum til: **Skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 235 Keflavíkurflugvelli** eða **sveinn.valdimarsson@isavia.is**.

Keflavíkurflugvelli, 20. júní 2014.

F.h. Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar

**Sveinn Valdimarsson,**
skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar.

KEF KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR
isavia


# Fullkominn forsendubrestur

Ekki var hægt að drífa í framkvæmdum fyrir uppbyggingu Fram í Úlfarsárdal.

**MANNVIRKI** S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs, segir að það eigi sér eðlilegar skýringar að framkvæmdir við uppbyggingu íþróttaaðstöðu í Úlfarsárdal hafi tekið lengri tíma en áætlað var í upphafi. Ólafur Arnarson, formaður Fram, sagði við Fréttablaðið í vikunni að samkvæmt upphaflegum samningi félagsins við Reykjavíkurborg hefði staðið til að félagið væri alflutt úr Safamýri í Úlfarsárdal í lok þessa árs.

„Sá samningur var gerður árið 2008 og í október það ár gerast atburðir sem allir þekkja,“ sagði Björn og átti þar vitaskuld við efnahagshrunið. „Til þessa dags erum við enn að glíma við afleiðingarnar en meðal þess er að það varð fullkominn forsendubrestur fyrir uppbyggingu byggðar í Úlfarsárdal.“



**S. BJÖRN BLÖNDAL**

Árið 2012 var ákveðið að setja áætlanir borgarinnar og Fram um uppbyggingu íþróttaaðstöðu í Úlfarsárdal til hliðar og hún sameinuð byggingu nýs grunnskóla, bókasafns, sundlaugar og menningarmiðstöðvar. Nú stendur yfir hönnunarsamkeppni um framkvæmdina sem áætlað er að ljúki í haust.

„Það er alveg ljóst að það ferli tekur tíma en niðurstaðan verður vonandi betri en hún hefði annars orðið,“ segir Björn en hann segist hafa skilning á því að það hafi reynt á biðlund íbúa Úlfarsárdals og Grafarholts.

„Það var ekki hægt að drífa í framkvæmdum og var alltaf ljóst að verkefnið þyrfti að fara í faglegt ferli – enda stærsta framkvæmd Reykjavíkur á næstu árum,“ segir Björn.

Áætlað er að framkvæmdin kosti 4-5 milljarða króna en Björn vonast til að fyrsta áfanga hennar verði lokið árið 2017.

-esá

LA-Z-BOY®









LA-Z-BOY®

## Hinn eini sanni!

LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman. Upplifðu hvíld á nýjan hátt og færðu þægindi inn á þitt heimili með LA-Z-BOY. LA-Z-BOY er eini stóllinn í heiminum sem hefur 18 mismunandi hægindastillingar. LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllinni.



# Í HVAÐA SÆTI VERÐUR ÞÚ?

# HM-TILBOÐ

*La-z-boy – líklega besta sæti í heimi!*



**119.990**
FULLT VERÐ: 139.990

LA-Z-BOY®
**EMPIRE** Svart gæðaleður.
Stærð: B:80 D:70 H:102 cm.

ÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –



**119.990**
FULLT VERÐ: 159.990

**ASPEN** Gæðaleður nokkrir litir. Stærð: B:103 D:85 H:93 cm.

**FÆST EINNIG Í ÁKLÆÐI Á HM-TILBOÐI KR. 89.990**



**149.990**
FULLT VERÐ: 199.990

LA-Z-BOY®
**CLARKSTON** brúnt eða svart gæðaleður.
Stærð: B:97 D:102 H:112 cm.

KOMDU OG SJÁÐU NÝJA LA-Z-BOY® SÝNINGARRÝMIÐ OKKAR!

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17
**OG** Dalsbraut 1 • Akureyri **OPIÐ** Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 **EITT SÍMANÚMER** 558 1100

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20
### Mike & Molly



Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig ýmsar myndir.

## Í KVÖLD



### NCIS: Los Angeles
**STÖÐ 2 KL. 20.20** Fjórða þáttaröðin um starfsmenn sérstakrar deildar innan bandaríska hersins sem hefur það sérsvið að rannsaka glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.



### Modern Family
**STÖÐ 2 GULL KL. 19.20** Fjórða röð þessara sprenghlægilegu og sívinsælu gamanþátta. Fjölskyldurnar þrjár sem fylgst er með eru óborganlegar sem og aðstæðurnar sem þær lenda í hverju sinni.



### Bad Teacher
**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22** Geggjuð gamanmynd með Cameron Diaz í hlutverki afar óhæfs skólakennara sem þarf að takast á við ýmsar áskoranir í nýju starfi.

## Bylgjan kl. 13
### Rúnar Róberts

Rúnar er í loftinu á milli 13 og 16 alla virka daga. Rúnar fylgist með því sem er að gerast í þjóðlífinu hverju sinni og kíkir á sportið ásamt því að gefa þér vænan skammt af góðri Bylgjutónlist til að stytta þér stundirnar við vinnuna.



# FRÉTTABLAÐIÐ
## ER HELGARBLAÐIÐ



## HEFUR SKYLDUTILFINNINGU GAGNVART ÞJÓÐ SINNI

**Guðbergur Bergsson** sendi nýlega frá sér Litlu hugsanabókina. Hann var líka að setja lokapunktinn aftan við nýja skáldsögu sem kemur út í haust, vinnur að útgáfu eigin kvikmynda á stafrænu formi, rekur prentþjónustu og er að læra að fljúga. Hann segir það að falla aldrei verk úr hendi vera lykilinn að því að halda sér ungum.



### Getur ekki bjargað öllum

**Gunnhildur Árnadóttir** starfar sem hjúkrunarfræðingur hjá hjálparsamtökunum Læknar án landamæra. Hún gaf upp ljósmóðurdrauminn fyrir flökkulífið þar sem hún tekst á við skæða faraldra við erfiðar kringumstæður en segir mikilvægt að gleyma ekki lífinu hérna heima.

### Poppkóngurinn lifir

Fimm ár eru síðan poppkóngurinn **Michael Jackson** lést fyrir aldur fram. Þegar hann dó var hann á barmi gjaldþrots en síðan hann féll frá hefur hann þénað tæplega áttatíu milljarða króna – meira en nokkur núlifandi listamaður á svo skömmum tíma. Þótt kóngurinn sé allur þá blómstrar vörumerkið Michael Jackson.



FRÉTTABLAÐIÐ

*Ómissandi hluti af góðri helgi*

Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000
Auglýsingar 512-5401 | **visir.is**

## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.00** **Malcolm in the Middle** *(5:22)*
**08.25** **Drop Dead Diva** *(4:13)*
**09.10** **Bold and the Beautiful** *(6386:6821)*
**09.30** **Doctors** *(110:175)*
**10.10** **The Face** *(2:8)*
**10.55** **Last Man Standing** *(9:24)*
**11.45** **Junior Masterchef Australia** *(1:16)*
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Serious Moonlight**
**14.50** **Young Justice**
**15.15** **Hundagengið**
**15.40** **Tommi og Jenni**
**16.00** **Frasier** *(16:24)*
**16.25** **The Big Bang Theory** *(12:24)*
**16.45** **How I Met Your Mother** *(17:24)*
**17.10** **Bold and the Beautiful** *(6386:6821)*
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan** *(19:21)*
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.06** **Veður**
**19.15** **Super Fun Night** *(4:17)*
**19.35** **Impractical Jokers** *(4:8)*
**20.00** **Mike & Molly** *(14:23)*
**20.20** **NCIS: Los Angeles** *(4:24)*
**21.05** **The Normal Heart**
**23.05** **Deadfall**
**00.40** **Take**
**02.15** **The Descent**
**03.50** **Street Dance**
**05.25** **How I Met Your Mother** *(17:24)*
**05.45** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**14.30** **Brasilía - Panama**
**16.10** **Norðurálsmótið**
**16.50** **Borgunarmörkin 2014**
**17.45** **Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Atletico Madrid** Útsending frá leik Real Madrid og Atletico Madrid í úrslitum Meistaradeildar Evrópu.
**20.25** **NBA: David Stern: 30 Years** Skemmtilegur heimildarþáttur frá NBA.
**21.05** **Ultimate Iceman Chuck Liddell** Þáttur frá UFC um Chuck Liddell.
**21.50** **UFC Now 2014**
**22.45** **Arsenal - Hull**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** **Bandaríkin - Þýskaland**
**08.40** **Suður-Kórea - Belgía**
**10.20** **HM Messan**
**14.00** **Portúgal - Gana**
**15.40** **Algería - Rússland**
**17.20** **HM Messan**
**18.15** **Uruguay and Costa Rica**
**18.45** **Gary Neville**
**19.15** **Bandaríkin - Þýskaland** Útsending frá leik Bandaríkjanna og Þýskalands á HM 2014.
**20.55** **Suður-Kórea - Belgía** Útsending frá leik Suður-Kóreu og Belgíu á HM 2014.
**22.35** **HM Messan**
**23.30** **Gary Neville**
**00.00** **Inside Manchester City**
**00.50** **Diego Simeone**

## ÍNN

**20.00** Kling klang Íslenska poppflóran 4:4 **21.00** Harmonikkumenn Nikkan þanin í nóttlausri voraldar veröld 2:2 **21.30** Eldhús meistaranna Magnús Ingi á landshornaflakki

## STÖÐ 3

**17.30** **Jamie's 30 Minute Meals** *(18:40)*
**17.55** **Raising Hope** *(19:22)*
**18.15** **The Neighbors** *(9:22)*
**18.35** **Up All Night** *(10:11)*
**19.00** **Top 20 Funniest** *(5:18)*
**19.45** **Britain's Got Talent** *(3:18)*
**20.45** **The Secret Circle** *(6:22)* Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa allir yfir óvenjulegum hæfileikum.
**21.30** **Community** *(14:24)*
**21.50** **True Blood** *(10:12)*
**22.40** **Sons of Anarchy** *(13:13)*
**23.40** **Memphis Beat** *(4:10)*
**00.20** **Top 20 Funniest** *(5:18)*
**01.05** **Britain's Got Talent** *(3:18)*
**02.05** **The Cougar** *(5:8)*
**02.50** **The Secret Circle** *(6:22)*
**03.30** **Community** *(14:24)*
**03.55** **True Blood** *(10:12)*
**04.45** **Sons of Anarchy** *(13:13)*
**05.45** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Ævintýraferðin **08.55** UKI **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.25** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Tommi og Jenni **09.55** Hókus Pókus **10.00** Brunabílarnir **10.25** Latibær **10.47** Gulla og grænjaxlarnir **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Ævintýraferðin **12.55** UKI **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.25** Ljóti andarunginn og ég **13.47** Tommi og Jenni **13.54** Hókus Pókus **14.00** Brunabílarnir **14.23** Latibær**14.47** Gulla og grænjaxlarnir **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Ævintýraferðin **16.55** UKI **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.25** Ljóti andarunginn og ég **17.47** Tommi og Jenni **17.54** Hókus Pókus **18.00** Brunabílarnir **18.23** Latibær **18.47** Gulla og grænjaxlarnir **19.00** Igor **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.00** **Strákarnir**
**18.30** **Friends** *(16:24)*
**18.55** **Seinfeld** *(13:23)*
**19.20** **Modern Family**
**19.45** **Two and a Half Men** *(1:16)*
**20.10** **Spurningabomban** *(3:21)*
**21.00** **Breaking Bad** *(4:13)*
**21.50** **It's Always Sunny in Philadelphia**
**22.10** **Boss** *(5:8)*
**23.05** **Hustle** *(1:6)*
**00.00** **Spurningabomban** *(3:21)*
**00.50** **Breaking Bad** *(4:13)*
**01.35** **It's Always Sunny in Philadelphia**
**02.00** **Boss** *(5:8)*
**02.55** **Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓSTÖÐIN

**12.00** **Chasing Mavericks**
**13.55** **James Dean**
**15.30** **The Decoy Bride**
**17.00** **Chasing Mavericks**
**18.55** **James Dean**
**20.30** **The Decoy Bride**
**22.00** **Bad Teacher**
**23.30** **Friends With Benefits**
**01.20** **Thick as Thieves**
**03.00** **Bad Teacher**

## RÚV

**12.00** **HM í fótbolta** *(Bandaríkin - Þýskaland)* Upptaka frá leik Bandaríkjanna og Þýskalands á HM í fótbolta.
**13.50** **HM í fótbolta** *(Suður Kórea - Belgía)*
**15.40** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**16.30** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20** **Litli prinsinn** *(24:25) (Little Prince II)*
**17.43** **Undraveröld Gúnda** *(5:11) (Amazing World of Gumball)*
**18.05** **Nína Pataló** *(28:39) (Nina Patalo, I)*
**18.20** **Táknmálsfréttir**
**18.30** **Vinur í raun** *(5:6) (Moone Boy)*
**19.00** **Fréttir**
**19.20** **Veðurfréttir**
**19.25** **Íþróttir** Íþróttir dagsins í máli og myndum.
**19.40** **Ævintýri Despereaux** *(Tales of the Desperaux)*
**21.10** **Í hjartastað** *(Return to Me)*
**23.05** **Wallander – Áhyggjufulli maðurinn** *(Wallander)* Sænsk sakamálamynd frá 2013. Kurt Wallander, rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni, glímir við erfitt sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.45** **Glansmynd** *(Lymelife)*
**02.15** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond** *(22:26)*
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**15.00** **The Voice** *(7:26)*
**16.30** **The Voice** *(8:26)*
**17.15** **Necessary Roughness** *(10:16)*
**18.00** **Dr. Phil**
**18.40** **Minute to Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dali með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar. Mæðgurnar Donna og Talana spreyta sig á ýmsum þrautum, þar á meðal einni nýrri sem nefnist „Human Burrito".
**19.25** **Men at Work** *(8:10)* Þrælskemmtilegir gamanþættir sem fjalla um hóp vina sem allir vinna saman á tímariti í New York-borg. Þeir lenda í ýmiss konar ævintýrum sem aðallega snúast um að ná sambandi við hitt kynið. Líkvaka kemur við sögu í þessum undarlega þætti þar sem allt fer úr böndunum.
**19.50** **America's Funniest Home Videos** *(37:44)* Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**20.15** **Survivor** *(5:15)*
**21.00** **The Bachelorette** *(2:12)*
**22.30** **Green Room with Paul Provenza** *(5:6)*
**22.55** **Royal Pains** *(11:16)*
**23.40** **The Good Wife** *(20:22)*
**00.25** **Leverage** *(8:15)*
**01.10** **Survivor** *(5:15)*
**01.55** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **11.00** Golfing World 2014 **11.50** Inside The PGA Tour 2014 **12.15** Champions Tour 2014 **13.10** European Tour 2014 **14.00** PGA Tour 2014 **17.15** PGA Tour 2014 **18.10** Golfing World 2014 **19.00** PGA Tour 2014 **22.00** Golfing World 2014 **22.50** Einvígið á Nesinu

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

THULE SWEDEN

# Hjólatöskur og bögglaberar






Hliðartaska stór




Reiðhjólataska/bakpoki



Símafesting á stýri



Taska á stýri



Bögglaberi



Taska á bögglabera

Framúrskarandi fyrirtæki 2011

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is/ferdavorur | stilling@stilling.is

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



**„Ætli ég verði ekki bara að segja lagið Burn með Deep Purple.“**

Andrea Gylfadóttir, tónlistarkona.

# Mið-Ísland vill íslenska jólamynd

Uppistandararnir Bergur Ebbi Benediktsson og Halldór Halldórsson vinna að handriti að fyrstu íslensku jólamyndinni sem fangar séríslenska jólastemningu.

„Hugmyndin kviknaði hjá okkur um seinustu jól,“ segir Halldór Halldórsson, betur þekktur sem Dóri DNA, um nýjasta uppátæki sitt og Bergs Ebba Benediktssonar, en þeir félagar vinna nú að handriti að fyrstu íslensku jólamyndinni. „Markmiðið er að fanga þessa séríslensku jólastemningu,“ segir Bergur Ebbi. „Gulu og rauðu perurnar á svölum í Fellunum, panikkið í slyddunni í bílastæðinu fyrir utan Kringluna á Þorláksmessu, myrkrið, maníuna, útvarp Reykjavík og allt það.“

Félagarnir fengu nýlega styrk frá Kvikmyndasjóði til þess að skrifa handritið. „Við ætlum að klára fyrsta uppkast sem fyrst, koma því upp og fara síðan að leita uppi peninga,“ segir Halldór. Verkefnið hlaut vinnuheitið Þú komst með jólin til mín og munu íslensk jólalög vera rauður þráður í myndinni. „Þetta er eins konar blanda af Love Actually og Das Leben der Anderen,“ segir Halldór og bætir Bergur því við að handritið geti verið vandasamt verkefni. „Í sögu sem þessari þarf að feta veg milli hláturs og gráts og leyfa hvort tveggja en fyrst og fremst að reyna að hafa þetta mannlegt.“ -bþ

> **Þetta er eins konar blanda af Love Actually og Das Leben der Anderen.**



**SVEITTIR VIÐ SKRIFIN** Félagarnir Dóri DNA og Bergur Ebbi leggja mikla vinnu í handritið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






# Líkamshár eru falleg

Tónlistarkonan Katrín Helga Andrésdóttir vakti mikla athygli fyrir lopapeysu sem hún klæddist á tónlistarhátíðinni Secret Solstice um síðustu helgi. Katrín segir allt fallegt, hvort sem fólk kýs að raka líkamshárin sín af eða ekki.

„Hugmyndin að peysunni kom upp í tengslum við textana okkar í hljómsveitinni Hljómsveitt, þá sérstaklega í laginu Kynþokkafull en lagið fjallar um líkamshár og að allt sé fallegt, sama hvort þú rakar þau af eða ekki,“ segir tónlistarkonan Katrín Helga Andrésdóttir, en lopapeysa sem hún klæddist á tónleikum Reykjavíkurdætra á tónlistarhátíðinni Secret Solstice um síðustu helgi hefur vakið mikla athygli.

„Það var vinkona mín, fatahönnuðurinn Ýr Jónsdóttir, sem prjónaði sitthvora peysuna á mig og systur mína. Þær eru í raun og veru eins nema önnur snýr öfugt.“

Katrín segir líkamshár ekki vera neitt til að skammast sín fyrir. „Það er mikil pressa á fólki að raka hár í dag. Með þessu viljum við þó heldur ekki pressa á fólk að raka sig ekki, allt er fallegt.“

Katrín er meðlimur stúlknarappsveitarinnar Reykjavíkurdætra ásamt því að spila með sinni eigin hljómsveit, Hljómsveitt. Reykjavíkurdætur skarta oft fjölbreyttum klæðnaði á sviði og því vert að spyrja hvort markmiðið sé að vekja athygli með klæðaburðinum. „Alls ekki. Það fer bara rosalega mikið eftir gigginu hvernig við klæðum okkur, stundum mæti ég í gallabuxum og hlýrabol. Þegar maður er á sviði má maður hins vegar vera eins áberandi og maður vill, þá eru engar hömlur. Ég veit hins vegar ekki hverju ég ætla að klæðast næst, ætli ég verði ekki að fara að taka við öllum tilboðum. Þeir fatahönnuðir sem eru að gera eitthvað spennandi mega endilega hafa samband,“ segir Katrín og hlær.

Reykjavíkurdætur spila á Gauknum í kvöld ásamt Grísalappalísu og hefjast tónleikarnir kl. 21. „Hljómsveitt ætlar einnig að frumflytja nýjasta smellinn, Næs í rassinn, en textinn kemur úr einlægri tjáningarþörf,“ segir Katrín að lokum.

kristjana@frettabladid.is



> **Það er mikil pressa á fólki að raka hár í dag. Með þessu viljum við þó heldur ekki pressa á fólk að raka sig ekki, allt er fallegt.**

**FRUMLEG OG FLOTT** Katrín var hæstánægð með peysuna sem vinkona hennar, fatahönnuðurinn Ýr Jónsdóttir, prjónaði handa henni. MYND/ANTONÍA LÁRUSDÓTTIR






# Útgáfutónleikar í fótboltafríinu

Knattspyrnukappinn Ásgeir Börkur Ásgeirsson og hljómsveit hans, Mercy Buckets, halda útgáfutónleika fyrstu plötu sinnar á Gauknum í næstu viku.

„Plötuna tókum við upp á Egilsstöðum fyrir áramót en við áttum sönginn eftir. Svo fer ég óvænt út í janúar, ekkert búinn að syngja, en sem betur fer lifum við á 21. öldinni svo ég komst í samband við stúdíó hér úti og kláraði mitt,“ segir knattspyrnumaðurinn og söngvarinn Ásgeir Börkur Ásgeirsson en hljómsveit hans, Mercy Buckets, heldur útgáfutónleika á Gauknum hinn 4. júlí.

Ásgeir gerði samning við sænska B-deildarliðið GAIS í janúar en hann var áður á mála hjá Fylki í Árbænum. „Það kom vissulega smá babb í bátinn við þessa flutninga en við vorum búnir að vera duglegir. Þegar ég kláraði sönginn fór þetta allt að rúlla hjá okkur,“ segir Ásgeir, sem kemur hingað til lands á sunnudaginn en þá hefst stutt leikjahlé í sænsku deildinni. Þar af leiðandi hafi það verið kjörið að smella í eina útgáfutónleika í sumarfríinu.



> **Við höfum allir verið viðloðandi þungarokkið en höfum mikinn áhuga á hefðbundnu rokki og róli líka.**

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ásgeir segir sveitina spila svokallað partírokk. „Við höfum allir verið viðloðandi þungarokkið en höfum mikinn áhuga á hefðbundnu rokki og róli líka. Þetta er því rokk og ról með þungarokksáhrifum, sem við köllum partírokk.“

Tímabilinu í sænsku deildinni lýkur í nóvember og fær Ásgeir þá gott sex vikna frí á Íslandi. Verður þá farið í tónleikaferðalag? „Það er mjög góð spurning. Af hverju ekki?“ segir hinn eldhressi Ásgeir Börkur að lokum. -ka

Ný vara!
Prófaðu hana strax í dag

# Prófaðu nýjar íslenskar skonsur

## frá Myllunni

Gríptu nýju skonsurnar frá Myllunni með í búðinni. Þær eru nýbakaðar á hverjum degi í bakaríi Myllunnar í Skeifunni. Fáðu bragðgóðar ekta íslenskar skonsur í hádeginu eða með kaffinu. Þær eru litlar og nettar og því afar hentugt að grípa þær með sér til að fá sér smá bita.

Útbúðu þína uppáhaldsskonsu, t.d. með smjöri og osti, salati og góðu áleggi eða bara sírópi.

***Prófaðu nýju skonsurnar frá Myllunni sem fást í næstu verslun.***




NÝTT!




***Skonsurnar frá Myllunni eru íslensk framleiðsla. Þær eru mjúkar, bragðgóðar og ilmandi***



***Taktu þær með í nesti***
*Skoðaðu **myllan.is***

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

*Viltu skonsuna þína með smjöri og osti eða sírópi? Fylgstu með okkur á **facebook.com/Myllubraud** og segðu okkur hvernig þér finnst skonsurnar bestar. Við viljum heyra hvað þér finnst.*

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Mínútumaðurinn

Tónlistarmaðurinn **Ingólfur Þórarinsson**, betur þekktur sem Ingó veðurguð, er kynnir í nýjum skemmtiþætti, Minute to Win It, sem sýndur verður á SkjáEinum í haust og er framleiddur af Sagafilm. Tökur á þáttunum hófust á mánudag og standa út þessa viku. Minute to Win It er svokallaður „format"-þáttur sem var upprunalega frumsýndur á sjónvarpsstöðinni NBC í Bandaríkjunum í mars árið 2010. Bandaríski þátturinn hefur verið sýndur á SkjáEinum en í honum þurfa keppendur að ljúka ýmsum þrautum á aðeins einni mínútu og geta unnið til peningaverðlauna ef þeir eru snöggir. Ísland er langt frá því að vera fyrsta landið til að endurgera þættina en meira en fimmtíu lönd hafa gert sína útgáfu af þáttunum, þar á meðal Albanía, Belgía, Ástralía, Danmörk, Finnland, Þýskaland og Frakkland. -lkg



### Dóphundar þefa af nýrri bók Nönnu

Ný matreiðslubók **Nönnu Rögnvaldardóttur**, Icelandic Food and Cookery, var væntanleg til landsins í vikunni en frestast vegna eiturlyfjarassíu í Amsterdam. „Hún átti að koma til landsins í lok þessarar viku en svo frétti ég að hún hefði tafist vegna rassíu. Þetta voru mjög óljósar fréttir og ég þori ekki að fullyrða of mikið en hún kemur ekki fyrr en í næstu viku." Nanna vill ekki kannast við að hafa notað hampfræ í uppskriftunum sem gætu hafa kveikt á viðvörunarbjöllum hið ytra. „Nei, ég var nú að hugsa hvort þetta tengdist eitthvað kæstri skötu. Bókin er á ensku svo þeir í Amsterdam hafa skilið uppskriftina. Það er spurning hvort tollverðirnir hafi ekki þurft að kanna skötuna eitthvað nánar," segir Nanna. -ssb



### Mest lesið Vísir

1 Franski ferðamaðurinn fannst á hóteli: „Þetta er frekar dapurt"
2 Ótrúlegur endasprettur í Wow Cyclothon
3 Foreldrar Harrietar búnir að kæra úrskurð Þjóðskrár
4 Átján mánaða fangelsi fyrir hnífsstungu í Kringlunni
5 Lítil saga um mosku og gott fólk





